

**ÞETT  
EINTAK**

# SIRKUS

**RVK**

7. APRÍL 2006 | 14. VÍKA

**HVERNIG Á AÐ  
HERÐA SULTARÓLINA  
EF ÍSLAND FER  
Á HAUSINN?**

**ÁLFRÚN  
ÖRNÓLFSDÓTTIR  
OPNAR  
DYRNAR**

# RAKELÝR

SIRKUS STÓÐ FYRIR FORSÍÐUKEPPNI Í ÞÆTTINUM BIKINÍMÓDEL ÍSLANDS  
Á SJÓNVARPSSTÖÐINNI SIRKUS. RAKEL BAR SIGUR ÚR BÝTUM.

➔ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK



# BARÐI SAMEINAR FRAKKA OG ÍSLENDINGA Á OLIVER

ANNAÐ KVÖLD FER FRAM HELJARINNAR FRANSK/ÍSLENSKT PARTÍ Á CAFÉ OLIVER. BARÐI JÓHANSSON ÚR BANG GANG STENDUR FYRIR ÞESSU FJÖRI SEM ENGINN VERÐUR SVIKINN AF AÐ HANS SÖGN.



**BARÐI BREGÐUR SÉR BAKVIÐ SPILARANN.**



**COSMO VITELLI ER VINSÆLL HJÁ ÖLLUM ALDURS HÓPUM.**

bara af því að það er vinsælt í Bretlandi og Bandaríkjunum," segir Barði sem vill breyta þessu. Fyrsta skrefið er partið á Oliver annað kvöld sem ekki nokkur hræða ætti að láta framhjá sér fara. **SHS**

„Þetta verður fransk-íslenskt parti,“ segir Barði Jóhannsson, sem annað kvöld mun standa fyrir allsherjar partí á Café Oliver. Um er að ræða samstarfsverkefni Icelandair, Tuborg og Franska sendiráðsins þar sem einn franskur listamaður kemur og spilar tónlist á Íslandi um það bil einu sinni í mánuði. Um helgina er það Cosmo Vitelli sem þeytir skífum en Barði mun einnig gera slíkt hið sama. „Ég hef alltaf gert þetta tvisvar, þrisvar ári. Svona til að skemmta mér og öðrum,“ segir Barði um líf sitt sem plötusnúður. Cosmo þessi er þekktur plötusnúður sem hefur spilað víða um heim. Hann flýgur

hingað á klakann beint frá Danmörku, í stuði eftir gott smörrebröd. Nú þegar hafa þrjú frönsk íslensk parti verið skipulögð. Eftir partið um helgina verður annað haldið þann 28. apríl en þá mun listamaðurinn M83 koma til landsins. Það þriðja verður svo 3. júní þar sem Lady and Bird og Keren Ann heiðra okkur með nærveru sinni. „Mér fannst kominn tími til að kynna Íslendinga fyrir nýjum menningarsamfélögum. Öðrum en Bretlandi og Bandaríkjunum. Íslendingar þekkja bara það sem er að gerast í þessum tveimur löndum. Ef það er einhvers staðar annars staðar frá þekkingu Íslendinga þá

## SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus RVK mælir með kynjadögum hjá Listaháskóla Íslands vikuna 3.–7. apríl næstkomandi. Dagskrá hátíðarinnar verður helguð kynjunum, kynjaímyndum og feminisma. Áhersla verður lögð á ferska sýn á kynjaímyndir og að dagskráin sé full af gleði og öðruvísi uppákomum. Allar listgreinar skólans eiga sinn hlut í dagskránni og því ætti að vera auðvelt fyrir alla að finna eitthvað við sitt hæfi. Þeir sem vilja sjá dagskrána geta kíkt inn á [lhi.is/forsida/fraskrifstofu/nr/1140](http://lhi.is/forsida/fraskrifstofu/nr/1140) og valið hvað skal sjá.




Þáskapartí með öllu tilheyrandi er málið þessa dagana, ef ekki núna hvenær þá? Sirkus RVK mælir með því að skreyta eins mikið og mögulegt er, það er hressandi eins og Birta mundi orða það. Það slítur mánuðinn aðeins í sundur og guli liturinn minnir okkur á sumar og sól. Drifíð í þessu, fyllið húsið af gulum þáskaungum og fleiru í þeim dúr og jafnvel haldið eitt gott þáskateiti með þáskabjör og þáskaeggjum. Eitt sem má svo ekki gleyma er upplestur á málshætti hvers og eins, vá hvað þetta hljómar spennandi.



Sirkus RVK slær ekki slökku við að sjá í skýru ljósi hvað er málið og hvað ekki. Að þessu sinni mælum við eindregið með því að allir sem einn fari og versli með korti í Víkivaka á Laugaveginum. Flestir þekkja Víkivaka sem sjoppuna sem tekur ekki við kortum en þess er ekki að minnast mikið lengur þar sem farið er að taka við kortum. Þetta gæti hljómað skringilega en samt sem áður er þetta fréttæmt sem og merkilegt. Til hamingju Víkivaki og sjoppukúnnar.

- 4 – Jóna Kristín Ungfrú Reykjavík tekni á teppið
- 8 – Forsíðukeppni Sirkuss
- 9 – Er vinur þinn hreinn sveinn?
- 10 – Dansleikhúsið frumsýnir tvö ný verk
- 12 – Álfrún Örnólfs opnar dyrnar
- 14 – Spurningakeppni rauðhærða fólksins
- 18 – Hvernig á að herða sultarólina?
- 19 – Pravda Prinsessan
- 29–30 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík
- 31 – Spurt og svarað með Stóra G



SIRKUSÁVARPIÐ

## HAGKERFIÐ MEÐ FUGLAFLENSU

Sjónvarpsátturinn Bikinímódel Íslands hóf göngu sína á dögum á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Í þáttunum spóka stúlkurnar sig að mestu á bikiní. Í þessu blaði sjáum við stúlkurnar í nýjum gir og meira klæddar en gengur og gerist í Hawaiian tropic bransanum. Myndirnar komu margar hverjar mjög vel út og sýndu stúlkurnar að þær geta meira en spígsporað um á bikiní þegar kemur að myndatökum. Mikið hefur verið rætt um íslenska hagkerfið í erlendum fjölmiðlum. Í vikunni fékk hagkerfið vottorð um að allt væri með felldu og engin fuglaflensa væri í þessu hagkerfi. Allur er þó varinn góður og gefur Sirkus lesendum sínum ráð varðandi hvernig eigi að herða sultarólina ef hagkerfið fer svo bara til fjandans. Sirkus hefur svör við öllu.

Sólmundur Hólm



SIRKUS

365

**Auglýsingastjóri:** Jóhannes Már Sigurðarson  
**Kynningarstjóri:** Guðmundur Arnar Guðmundsson  
**Sölustjóri:** Hörður Jóhannesson, sirkusauglýsingar@365.is  
**Ritstjóri:** Sólmundur Hólm  
**Ritstjórn:** Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.  
**Áskrift:** 550 5000 / askrift@365.is  
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Harí af Rakel Ýri





HEIMURINN Á



MARGT ÓLÆRT



## YFIRHEYSRSLAN

JÓNA KRISTÍN HEIMISDÓTTIR VAR KJÖRIN UNGFRÚ REYKJAVÍK Á FIMMTUDAGINN FYRIR VIKU. HÚN STARFAR SEM STUÐNINGSFULLTRÚÍ Í KÁRSNESSKÓLA ÞESSA DAGANA EN STEFNIR Á AÐ SETJAST Á SKÓLABEKK Í HAUST OG NEMA ÍSLENSKU OG FJÖLMIÐLAFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS. SIRKUS TÓK JÓNU KRISTÍNU Á TEPPIÐ.

# HITTI SHARON STONE Í HARVARD

**ER KIA SEXY?**  
Hver er það?

**HVORT MYNDIRÐU FREKAR VILJA VERA FALLEGASTA KONA HEIMS EÐA BESTA HANDBOLTAKONA HEIMS?**

Má ég ekki segja bæði? Þegar þú spyrð í dag, þá segi ég fallegasta kona heims. Ef þú hefur spurt fyrir ári hefði ég sennilega sagt besta handboltakona heims.

**HVAÐ MYNDIRÐU KALLA ÞIG EF ÞÚ VÆRIR KLÁMMYNDALEIKKONA Í HOLLYWOOD?**

Ég myndi aldrei verða það. En ef ég yrði það þá myndi ég bara kalla mig Johnny.

**LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-ÍÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?**

„Áttu mynd af ther med koronuna?“

**FINNST ÞÉR PIRRANDI AÐ SÚ SEM VAR UNGFRÚ REYKJAVÍK Á UNÐAN ÞÉR HAFI VERIÐ KJÖRIN UNGFRÚ HEIMUR?**

Nei, alls ekki. Mér finnst það bara frábært.

**HEFURÐU ÁHUGA Á ÚTIVIST, FERÐALÖGUM OG AÐ EYÐA GÓÐUM STUNDUM MEÐ VINUM ÞÍNUM?**

Jú, hafa ekki flestallir áhuga á þessu? Hvort sem þú ert fegurðardrottning eða ekki.

**HVOR ER FYNDNARI, HEMMI GUNN EÐA KARL ÁGÚST ÚLFSSON?**

Karl Ágúst. Hemmi Gunn er kannski ekkert fyndinn, hann er bara Hemmi en hann er hress. Ég var mikill aðdáandi Spaugstofunnar þegar ég var lítil. Nú seinni ár hefur annað tekið við.

**FRÆGASTA MANNESKJA SEM ÞÚ HEFUR SÉÐ?**

Sharon Stone, ég sá hana í Boston. Hún var með ræðu í Harvard. Ég var au pair í Boston og vinkona mín er í Harvard. Svo tók ég námskeið í ensku í Harvard. Við fengum ekki að tala við hana en ég sá hana allavega.

**HVER ER FRÆGASTI MAÐUR SEM HEFUR REYNT VIÐ ÞIG?**

Hvað heitir hann þarna litli ljóti sem kom hérna í sumar? Rob Schneider jú. Ég held

reynar að hann hafi bara verið að reyna við allt íslenskt kvenfólk.

**HVAR VARST ÞÚ 11. SEPTEMBER 2001?**

Ég var í stærðfræðitíma í Flensborg. Mig minnir að kennarinn hafi sagt okkur þetta og við horfðum á þetta í beinni.

**HEFURÐU EINHVERN TÍMANN STRÍTT FEITU FÓLKI?**

Nei, það hef ég aldrei gert. Mér finnst ekki fallett að gera slíkt.

**HVAÐ TEKURÐU Í BEKKPRESSU?**

Ég hef ekki tékkað á maxinu.

**ERTU AÐ LEITA ÞÉR AÐ KÆRASTA?**

Nei, ekkert í augnablikinu. Það er svo mikið að gera hjá mér þessa dagana en maður hefur alltaf augun opin.

**ÆTLARÐU AÐ VERÐA UNGFRÚ ÍSLAND?**

Já, er það ekki? Allavega stefna að því.

**ÞÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA.**

Hvað finnst þér um fegurðarsamkeppni?

## SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Nú er það viðvörðun fyrir sumarið og ferðalögin en það telst sjálfsagt að fólk viti að þetta á við alls staðar og alltaf. Það er sorglegt þegar fólk fer í frið og það er blautt allan tímann og hvað þá að keyra fullt til að mynda inni á tjald- eða sumarústaðasvæðum. Hvað er það? Það er ekki í lagi að keyra fullur uppi í sveit né neins staðar annars staðar. Það er svo oft sem maður fer upp í bústað og fólk bara keyrir um allt þótt það sé búið að drekka: „Já, förum á bílnum á varðeldinn, það er svo kalt,“ eða „vantar grillolíu, ekkert mál ég skutlast á bílnum og kaupi“. Í alvöru fólk, þetta er heimskulegt og stranglega bannað, ekki vera full og vitlaus.

Það er eitt sem fólk verður að átta sig á: Það er ekki málið að drekka orkudrykki. Sirkus segir og veit með vissu að það er ekki kúl að þamba orkudrykki daginn út og inn. Það er eitt að þurfa að borga um 300 krónur og jafnvel meira fyrir eitt slíkt sull, en annað að þetta er ekkert nema vatn, sykurléjja og einhver efnablanda. Hvers vegna ekki að sofa aðeins meira og þar af leiðandi safna í lífaldurskrukkuna og sleppa við fleiri hrukkur. 300 krónur og jafnvel meira fyrir eitthvað ógeð sem gerir lítið annað en að koma óreglu á hjartsláttinn er soldið spes.



Þá er komið að því að Sirkus helli sér svölitið yfir borgarúánn vitra. Það er eitt að keyra bíl milli vegalengda sem meika sens en annað að keyra allt þrátt fyrir meters fjarlægð, það er náttúrulega algjör firra. Í alvöru, takið strætó og hittið skritið fólk og hlustið á steikar samræður, eða notið fæturna sem Guð gaf ykkur. Hvernig væri að labba smávegis, fá súrefni í lungun og bara njóta þess að vera til. Leggið bílnum í smástund, hann er dýr í rekstri, mengunarvaldur, hávaðasamur og frekar pirrandi fyrirbæri.

## FÆR EINSTAKLINGUR MEÐ LISTAMANNINN Í ÞÉR



„Þetta eru fyrstu útskriftamendur af dansbraut Listaháskólans,“ segir Karen María Jónsdóttir, fagstjóri dansbrautar. „Dansbrautin var stofnuð síðasta vor svo þetta er bara búið að vera í eitt ár. Þetta er diplómanám, sem þýðir eins árs nám. Þetta er eingabært nám til BA-gráðu og þetta árið voru allir nemendur stelpur en ég er nýbúin að taka inn fyrir næsta ár 6 nemendur, þar af tvo stráka. Verkin eru mjög fjölbreytt, allt frá lögmalum Newtons (eplið sem datt úr trénu sem gerði það að verkum að hann uppgötvaði þyngdaraflið) og svo út í dvergadansa eða dvergakast. Stelpurnar eru frá 19 og upp í 24 ára, það er ekkert aldursskilyrði til að komast inn heldur þarf maður bara að vera fær og að sjálfsgöðu með listamanninn í sér,“ segir Karen María, að vonum stolt af nemendum sínum. Það eru allir velkomnir og verða verkin sýnd laugardaginn 8. apríl frá kl. 18–21 og sunnudaginn 9. apríl frá kl. 19–22 og er hvert verkefni aðeins sýnt einu sinni. Frekari upplýsingar eru á vefnum lhi.is/forsida/adof-inni/nr/1145.



## Vodafone live!



Hringtónar



Fréttir og Íþróttir



Leikir



Skemmtun

## Góða skemmtun

- Vodafone live!

Náðu í svöluðu hringtónana hvar og hvenær sem er, með Vodafone live! símanum þínum.

Vodafone live! – endalaus skemmtun í símanum þínum.

## Heitustu leikirnir

- » Sims
- » New York Nights
- » Star Wars
- » 24 – The Official Game
- » Master Mind
- » Pac Man
- » King Kong
- » Fruit Fall
- » Mini Golf: Vegas
- » Sudoku



MOTOROLA U360w

og

vodafone

Heyrumst!



# VANTAR FÓLK SEM ER TILBÚIÐ AÐ VINNA Í ÞREMUR HEIMSÁLFUM. HELST Á SAMA TÍMA.



„Það er mikið að gerast í sjávarútvegsgeiranum  
- ógrynni tækifæra í spennandi umhverfi.“



**Steindór Sigurgeirsson**  
Hong Kong


Störf í sjávarútvegi eru mun fjölbreyttari en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Greinin hefur breyst mikið á undanförunum árum og mikil eftirspurn er eftir fólki með þekkingu á sjávarútvegi til starfa á alþjóðlegum vettvangi. Steindór Sigurgeirsson útskrifaðist úr sjávarútvegsfræði frá Háskólanum á Akureyri árið 1997:

„Það er mikið að gerast í sjávarútvegsgeiranum - ógrynni tækifæra í spennandi umhverfi. Ég starfa í Hong Kong og kann afar vel við það. Sjávarútvegsfræðin hefur reynst mér ómetanlegur undirbúningur fyrir þetta starf. Fyrirtækin hér í Asíu eru að stækka mjög hratt og mikil þörf er fyrir fólk með góða sjávarútvegstengda rekstrarmenntun.“

**Nám í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri er ekki einungis góður grunnur fyrir störf í sjávarútvegi því útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir starfskraftar, m.a. hjá fjármálastofnunum, útflutningsfyrirtækjum og víðar.**

**Kynntu þér málið:**

→ [nyisjavarutvegurinn.is](http://nyisjavarutvegurinn.is)



„Hong Kong er mjög vestræn í eðli sínu, vel skipulögð og lifandi...“



Háskólinn á Akureyri:  
[www.unak.is](http://www.unak.is)





# BLÚSHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 2006

BLÚSHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK VERÐUR SETT ÞRIÐJUDAGINN 11. APRÍL. HÁTÍÐ-  
IN FER FRAM Á NORDICA HOTEL DAGANA 11.–13. APRÍL OG Í FRÍKIRKJ-  
UNNI Á FÖSTUDAGINN LANGA. ÞAÐ VERÐA STÓRTÓNLEIKAR Á NORDICA  
KL. 21 MEÐ ÞEIM ANDREU GYLFADÓTTUR, PÁLI RÓSINKRANZ, SKAF OG  
UNGLIÐUM BLÚSINS.

Blúshátíð í Reykjavík hefur aldrei boðið  
upp á jafn glæsilega og fjölbreytta dagskrá.  
Síðustu ár hefur verið fullt út úr dyrum á  
tónleikum hátíðarinnar og færri komist að  
en vildu. Það vita allir hvers megnugt okkar  
frábæra blúsólfk er og það er því stórvíð-  
burður að fá þessa fjóra erlendu blúslista-

menn hingað til lands til að til að koma fram  
með þeim og mikill fengur fyrir íslenskt  
blúsáhugafólk.

## SYNGJA Á OPNUNARDAGINN

„Þetta er alveg æðislegt og ég og Páll Rós-  
inkranz ætlum að syngja saman ásamt  
hljómsveitinni Skaf,“ segir Andrea Gylfadótt-  
ir söngkona, sem er þessa dagana að leika í  
Litlu hryllingsbúðinni á Akureyri. Blúsdívur-  
urnar frá Chicago, Deitra Farr, Zora Young  
og Grana Louis, verða með magnað uppi-  
stand og Mississippimaðurinn Fruteland  
Jackson verður ásamt dívunum aðal-  
gestir Blúshátíðar í Reykjavík.

„Hátíðin verður sett á  
þriðjudaginn og við erum  
að spila um kvöldið á  
Nordica,“ segir Andrea.  
„Þetta verða bæði lög  
sem fólk þekkir og svo  
eithvað nýtt, blanda  
af gömlu og nýju. Þetta  
er samspil okkar Páls  
og svo hljómsveitar-  
innar Skaf. Við erum í  
blúsnum en svo verður  
gospel á föstudaginn langa,  
þá verða það dívurnar þrjár  
völdin með Vinum Dóra en  
þær voru einnig á skírdags-  
kvöld,“ segir blússöngkonan  
góða.

## BLÚSMENN ANDREU VORU Í FYRRA

„Ég er búin að vera með síð-  
an Blúshátíðin byrjaði, eða  
fyrir þremur árum, og  
hef alltaf jafn gaman  
af,“ segir Andrea  
um hátíðina.  
„Við Páli höf-  
um ekki verið  
að syngja mikið  
saman nema í  
hinum og  
þessum veislum  
en við höfum  
ekki spilað áður  
með Skaf. Í fyrra  
var ég líka með en  
þá var það með  
öðru sniði, það voru  
Blúsmenn Andreu  
sem spiluðu. Þetta er  
náttúrliga allt annað  
en að syngja með Tod-  
mobil en ég hef gaman



FRUTELAND JACKSON



DEITRA FARR

af blúsnum,“ segir Andrea. „Þetta er mjög  
ólíkt, það er náttúrliga allt frumsamið hjá  
Todmobil. Todmobil er allt annað, það er  
önnur tónlist og ekki hægt að líkja þessu  
saman þannig,“ segir Andrea um blúsinn.

## ÞÉTT DAGSKRÁ ÞESSA DAGANA

„Ég er núna bara rétt að koma í bæinn til  
að undirbúa mig og æfa með Todmobil. Við  
erum að fara að spila í Vestmanneyjum á  
föstudaginn langa og svo er ég náttúrliga að  
leika í Litlu hryllingsbúðinni á Akureyri.  
Þetta er þaulskipulögð og þétt heimsókn í  
bæinn, eins og þú hefur kannski tekið eftir,“  
segir Andrea og hlær. Þetta er alveg rétt því  
erfitt var að ná tali af söngkonunni þar sem  
hún var ýmist á æfingum eða fundum. Fyrir  
áhugasama er hægt að kíkja á blues.is/ og  
viljum við á Sirkus RVK óska öllum gleðilega  
hátíð.

SEJ



ANDREA GYLFA-  
DÓTTIR Í STUÐI

PÁLL RÓSINKRANZ  
SYNGUR MEÐ  
HLJÓMSVEITINNI SKAF

## SIRKUS RVK ÓSKAR SÉR

ÞAÐ ER ALLTAF HÆGT AÐ FINNA SÉR  
EITTHVAÐ SEM MANN VANTAR EÐA  
LANGAR Í OG ÞVÍ FÓR SIRKUS RVK Á  
STÚFANA OG FANN 6 FALLEGA HLUTI SEM  
ERU Á ÓSKALISTANUM ÞESSA DAGANA




FALLEG OG ÖDRU-  
VÍSI RAUÐVÍNS-  
GLÖS ÚR HÚSINU Í  
KRINGLUNNI.



KAWASAKI STRIGA-  
SKÓR Á 4.990 KR. Í  
6 SKÓR.




SKEMMTILEGIR KAN-  
ÍNU PIPAR- OG SALT-  
STAKUR FÁST Í DEB-  
ENHAMS Á AÐEINS  
999 KR. STYKKIÐ.



SKEMMTILEG BÓK ÞAR  
SEM SNJÓKORN HAFNA VER-  
IÐ STÆKKUÐ UPP, FALLEG  
OG SKEMMTILEG BÓK FYR-  
IR ALLA. EYMUNDSON Í  
SMÁRALIND Á 1.390 KR.



FLOTTAR TUÐRUR ERU  
ALVEG MÁLIÐ, TOP  
SHOP Í SMÁRANUM,  
GRÆNA ER Á 2.990 KR.  
EN SÚ DOPPÓTTA ER Á  
3.990 KR.



XBOX 360: INNIHELDUR  
20GB HARBAN DISK,  
PRÁBLAUSA FJARSTÝR-  
INGU, ETHERNET KAPAL,  
HD AV KAPAL OG HÖFUÐ-  
TÓL. FÆST Í BT Í SMÁRA-  
LINDINNI Á 43.999 KR.

## SKÁLDIN Í NÍHYL, AFRÓDÍTA OG FRIDA KAHLO

INGIBJÖRG  
MAGNADÓTTIR

Kling & Bang  
galleri



Sirkusmynd - Heiða

„Í kistlinum mínu er margt þessa  
dagana,“ segir Ingibjörg Magnadóttir  
myndlistarmaður sem heldur upp á  
margt skemmtilegt. „Það eru skáldin  
í Níhyl ljóða-  
hópnum, vatns-  
bera- og sporð-  
drekastjörnu-  
merkin,“ segir  
Ingibjörg án  
miskunnar. Svo  
má ekki gleyma  
að það eru líka  
gamli höfundar

sem voru í uppáhaldi á unglingsár-  
um sem ég er búin að útiloka. Eins  
og Isabel Allende og bókin hennar  
Afródíta, sögur, uppskriftir og önnur  
kynörvandi fyrirbæri. YOSOY, skáld-  
saga eftir Guðrúnu Evu Mínervu-  
dóttur og hugur Estridar Þovalds-  
dóttur og Frida Kahlo sem ég tek  
fram yfir DChamp, hárkollur, stand-  
ardar og erkitýpur. Undirstaðan er  
náttúrliga kaffi og Guð,“ segir Ingi-  
björg Magnadóttir að lokum.

SEJ



KOMDU OG SKOÐAÐU  
Í KISTUNA MÍNA

7



# FORSÍÐUKEPPNI SIRKUS



ÓSK NORÐFJÖRÐ ER ÖRYGGIÐ UPPMÁLAD Á MYNDINI EN MUNNSVIPURINN VAR EKKI AÐ VIRKA Á OKKUR.



LINDA ÝR VIRÐIST FREMUR ÁHUGALAUS Á MYND- INNI OG NÆR ÞVÍ EKKI TIL ÞESS SEM SKOÐAR.



ANDREA ER FLOTT OG GÆTI GERT ÁGÆTIS HLUTI Í FYRIRSÆTUSTÖRFUM OG ÞARF EKKI AÐ VERA Á BIKINIÍ TIL AÐ VERA GLÆSILEG.



RAKEL ÝR VAR ÁBERANDI FLOTTUST Í MYNDA- TÖKUNNI OG HEFUR ALLA BURÐI TIL ÞESS AÐ KLÁRA ÞESSA KEPPNI.

ÞÁTTURINN BIKINIÍMÓDEL ÍSLANDS 2006 ER Á DAGSKRÁ SIRKUSS HVERT MIÐVIKUDAGSKVÖLD. Í SÍÐASTA ÞÆTTI FÓR FRAM FORSÍÐUKEPPNI SIRKUSS ÞAR SEM STÚLKURNAR FÓRU Í MYNDATÖKU HJÁ LJÓSMYNDARA BLAÐSINS OG VAR ÞAÐ ÁSA OTTESEN SEM SÁ UM AÐ STÍLISERA STÚLKURNAR.



ÞAÐ VANTAR MEIRI KRAFT Í MYNDINA AF ÖRNU. MYNDIN ER FLÖT OG VANTAR MEIRI KARAKTER Í HANA.



HREFNA HENNY KOM STERK INN EN NÁÐI ÞVÍ MIÐUR EKKI ALVEG TIL OKKAR. SAMT ÁGÆTIS MYND.



LÍKAMSSTABA HELENAR HEFÐI MÁTT VERA ÖÐRUVÍSI OG NÆR ÁHORFANDANUM. EKKI AÐ GERA SIG FYRIR OKKUR.



INGIBJÖRG ER FLOTT STELPA OG Á ÁN EFA EFTIR AÐ NÁ LANGT Í KEPPNINI. RAKEL HAFÐI ÞÓ BETUR Í ÞESSARI VIÐUREIGN.



MÍÐASALA HEFST 7. APRÍL KL 10:00

# MANCHESTER-TÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL 6. MAÍ

LAUGARDALSHÖLL FRÁ KL. 17:30-00:00

Komur / Frá Manchester

BADLY DRAWN BOY

ELBOW

ECHO AND THE BUNNYMEN

ANDY ROURKE (THE SMITHS)

TRABANT

BENNI HEMM HEMM

SIGURVEGARI MÚSÍKTILRAUNA 2006

Brottfarir / Frá 7. apríl

17:30 MANCHESTER

KAUPTU MIÐA OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FERÐ TIL MANCHESTER.

MÍÐAVERÐ: 2.600 í stæði og 3.700 í stúku

INDÍPARTÝ Á NASA EFTIR TÓNLEIKANA ÞAR SEM ÓLI PALLI OG ANDY ROURKE SPILA MANCHESTER TÓNLIST. ÓKEYPIS FYRIR TÓNLEIKAGESTI Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR, 1000 KR. FYRIR AÐRA.



WWW.ICELANDAIR.IS





HALLA ÓLAFSDÓTTIR

ÞAÐ ERU SPENNANDI HLUT-IR AÐ GERAST Í ÍSLENSKU DANSLEIKHÚSI, DANSLEIKHÚSIÐ ER AÐ FARA AÐ FRUMSÝNA TVÖ NÝ FRUMSAMIN VERK Á NÝJA SVIÐI BORGARLEIKHÚSSINS ÞANN 9. APRÍL NÆSTKOMANDI. VERKIN ERU ÓVENJULEG OG ÓLÍK. SÝNINGIN MUN LEIÐA ÁHORFENDUR Á FRAMANDI SLÓÐIR Í LISTSKÖPUN OG ÁKVAÐ SIRKUS RVK AÐ FÁ AÐ VITA HVAD VÆRI AÐ FRÉTTA.



NADJA HJORTO

# I'M FINE OG FORFALLINN ENGILL

„ÞETTA ER VAXANDI VETT-VANGUR OG FÆRIR ATVINNUDÖNSURUM NÝ TÆKIFÆRI“

„Þetta eru tvö verk og fjórar sýningar, frumsýningin er núna á sunnudaginn 9. apríl í Borgarleikhúsinu, segir Irma Gunnarsdóttir sem er höfundur annars verksins. Irma hefur í samstarfi við dansara og tónlistarmenn sett saman verk um mannlega veikleika og dýrslegt eðli. Verkið ber nafnið Fallinn engill en kveikjan að verkinu er lífsgæðakapphlaupið og er velt upp sjálfsbjargarviðleitni og grátbroslegum myndum af mannskepnunni í togstreitu við sjálfa sig og umhverfið.“

## LEIKHÚSFORM SEM BYÐUR UPP Á MARGT

„Frum-sýning verkanna er á Nýja Sviðinu í Borgarleikhúsinu. Þetta er vaxandi vettvangur og færir atvinnudönsurum ný tækifæri. Við reynum að gera eitthvað frumlegt og spennandi, þetta dansleikhúsiform býður upp á svo marga möguleika. Áherslan er lögd á frumsamið efni og frumsamda tónlist. Hinum ýmsu listformum er blandað saman þó að dansinn sé alltaf grunnurinn. Í verkinu Fallinn engill er ég að leika mér með nýtt form, til dæmis eru dansararnir á stultum. Hlutverk stultanna er til að mynda mikilmennskan uppmáluð, þetta vex alltaf þar til þetta springur í mikilmenskukasti. Við erum búin að hafa ófáar æfingarnar á stultum. Verkið kallaði á þetta og þá brettir maður bara upp ermar og lætur það ganga,“ segir Irma ánægð með uppátækið. „Halldór Björnsson vinnur tónlistina og hann er að leika sér með það að nota raddir dansaranna í tónlistina. Þar kallast ýmist á raddir á sviðinu eða inni í tónlistinni,“ segir Irma um verkið sitt.

## FREMUR ÓVENJULEG VINNUAÐFERÐ

„Svo er annað verk, það er verkið sem Halla



IRMA GUNNARSDÓTTIR, HALLA ÓLAFSDÓTTIR OG NADJA HJORTO.

Ólafsdóttir og Nadja Hjorto eru með sem er líka mjög athyglisvert og það verður mjög spennandi að sjá hvernig það kemur út,“ segir Irma um hitt verkið á sýningunni. „Nadia er búsett í Svíþjóð og þær hafa unnið saman áður en í þetta sinn var ákveðið að fara út í smá tilraun. Verkið ber undirtitilinn experiment in communication sem vitnar í fremur óvenjulega

vinnuáferð við gerð verksins. I'm FINE er titillinn á verkinu en málið er að hugmyndavinnan er öll í gegnum netið, svo hittast þær héra og þær vinna í heildarmyndinni núna en öll grunn vinnan fór fram á netinu og í sitthvoru landinu,“ segir Irma um I'm Fine verkið sem má teljast frekar óvenjulegt.

SEJ



## ÍSLENDINGUR ÚTI Í HEIMI

### HVAD HEITIRÐU?

Helga Sara Henrysdóttir.

### HVAR ERTU?

Í Hollandi.

### AF HVERJU?

Ég ákvað að skella mér út sem au pair og leist mjög vel á Hollandi. Bý í Amsterdam og er búin að vera hér seinsta hálf árið.

### HEIMILISAÐSTÆÐUR?

Ég bý með fjölskyldunni sem ég vinn hjá. Það eru Arjen (39), Masja (38), tvíburarnir Jasper og Martijn sem eru níu mánaða og kislingurinn Pookie.

### DAGUR Í LÍFI ÞÍNU?

Þeir eru mjög misjafnir. Ég vakna fersk klukkan átta eftir að hafa verið að læra fram eftir nóttu. Svo gef ég litlu sætu strákunum mínum að borða og fer með þá í göngutúr í hverfinu. Svo er kvöldmat en eftir hann tek ég tramið til Leidseplein og hitti vini á kaffihúsi. Þar spjöllum við fram eftir kvöldi. Svo er það bara heim að sofa þar til nýr dagur tekur við.

### KOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í HOLLANDI

Hjólamenningin héra er kostur, margir hjóla allra sinna ferða. Svo er mjög auðvelt að taka lestir um allt þar sem landið er mjög lítið. Mér finnst líka ódýrt að versla héra sem getur verið stór kostur.

### ÓKOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í HOLLANDI?

Þótt ég hafi nefnt lestarferðir sem kost getur lestarferfið stundum gert mann alveg brjáláðan! Alltaf einhverjar bilanir og seinkanir. Annar ókostur er hvað allir búa þröngt héra. Landið er átta sinnum minna en Ísland en samt sem áður búa héra um sextán milljónir. Ég hef líka heyrt marga Hollendinga tala um þetta vandamal.

### HVERS SAKNARÐU AÐ HEIMAN?

Ég sakna mömmu minnar auðvitað mjög mikið og fjölskyldunnar, svo sakna ég vina minna alveg rosalega mikið. Ég er bara svo ótrúlega heppin að eiga svo yndislegar vinkonur sem eru duglegar að koma og heimsækja mig. Svo er það íslenska vatnið.

### UPPÁHALDSSTAÐUR Í HOLLANDI?

Get nefnt marga, en þó er einn staður sem ég held mikið upp á en það er Nijmegen þar sem vinkona mín býr. Húsið hennar er úti í sveit, baulandi kýr og stór skógur sem er æðislegur til að fá sér göngutúr í. Þar líður mér stundum eins og heima.

### ÍSLENDINGAR ERU...

Þeir eru auðvitað langbestir. Mjög sjálfstæðir, skapandi og frumlegir.




### HOLLENDINGAR ERU...

Skemmtilegt fólk, sumir mjög íhaldssamir og geta verið nískir en um leið kurteisir.

### EIN MANNESKJA SEM ÞÚ BIÐUR AÐ HEILSA.

Ég bið ótrúlega vel að heilsa Ásu minni. Stórt knús til hennar.

# Arthúr



# HÖRKUFJÖR Á HEIMAVIST



# NÝI ÖKUSKÓLINN

Öll vinnuvélaréttindi  
Öll ökuréttindi  
Skapaðu þér þitt  
eigið góðæri



.....  
Nýi ökuskólinn **et** húsinu Klettagördum 11

S: 588-4500 [www.et.is](http://www.et.is)

.....



# HVERNIG? TÝPA Á HEIMA HÉR

## SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

SIRKUS RVK ELSKAR AÐ FÁ AÐ KÍKJA INN TIL FÓLKSINS Í LANDINU, ÞAÐ ER VANALEGA FORVITNILEGT OG SPENNANÍÐ AÐ SJÁ HVAÐ ÁLITSGJAFINN GETUR SÉR SVO TIL UM. AÐ ÞESSU SINNI FÓRUM VIÐ FREKAR LANGT, ALLA LEIÐ TIL AKUREYRAR. VIÐ FÓRUM Í HEIMSÓKN TIL ÁLFRÚNAR ÖRNÓLFSDÓTTUR LEIKKONU SEM BÝR ÞAR ÁSAMT ESTHER THALÍU LEIKKONU. ÁLITSGJAFINN VAR KATRÍN BRYNJA, ÞULA.



SIRKUSMYNDIR: HEBALIS

„Við erum búnar að leigja héra á Akureyri síðan í byrjun september,“ segir Álfrún Helga Örnólfsdóttir, sem er samningsbundin Leikfélagi Akureyrar. Þessa dagana er hún að leika í Litlu hryllingsbúðinni og Mariubjöllunni fyrir norðan en í vetur hefur hún einnig leikið í meistaraverkinu Fullkomið brúðkaup sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í lok mánaðarins en er nú þegar búð að rúlla upp Norðurlandinu. Álfrún leigir íbúð á Akureyri ásamt Esther Thalíu Casey sem einnig er á mála hjá Leikfélagi Akureyrar en þær stóllur hafa búð saman síðan í september. „Við höfum tengst sterkum böndum og þá kannski sérstaklega af því við erum aðkomufólk í bænum og höfum verið að vinna mjög náið saman. Við erum líka félagar utan vinnunnar. Við erum eins og ein stór fjölskylda,“ segir Álfrún sem mun klára samning sinn við Leikfélag Akureyrar í sumar þegar sýningum á Fullkomnu brúðkaupi verður lokið og mun hún að öllum líkindum starfa eitt hvað hjá Þjóðleikhúsinu næsta vetur. „Ég hef verið að legja hér og í bænum en héra erum við með rosalega stóra og fina íbúð. Hún er á frábærum stað og er í soldið öðruvísi stíl en við myndum velja okkur. Við höfum hengt upp seríur og sett kerti út um allt og gert þetta huggulegt. Það hafa verið ófá matarboðin og partíin hér og okkur hefur líðið frekar vel en eins og ég segi þá er þetta öðruvísi stíll en við erum vanar. Það var allt í íbúðinni en við höfum aðallega keypt litla og krúttlega hluti og eitthvað dúlleri,“ segir Álfrún sem einnig hefur náð að finna fót við sitt hæfi í höfustað Norðurlands. „Frúin í Hamborg, sem er útibú frá Spútnik, er æðisleg, þar hefur maður lítið inn oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Ég held að við höfum keypt yfir tuttugu kjóla. Það er hægt að finna margt hér,“ segir Álfrún sem er hæstánægð á Akureyri.



### SVEFNHERBERGI

Henni finnst greinilega gott að hafa kósí í kringum sig – það sést á seríunum í svefnherberginu. Rómantísk? Bækurnar ofan á kommóðunni benda til að hún sé þælari.



ÞETTA SAGDI  
KATRÍN BRYNJA



### FATAHENGI Á BAKVIÐ HURÐ

Af fótunum á bakvið hurðina að dæma þá býr þarna kona í kringum þrítugsaldurinn. Hún þælir í því sem hún klæðist og á mikið af flottum tösukum og skóm. Hún kaupir slatta af fótum og fer ekkert endilega strax í þau. Ég er samt viss um að þegar hún kemur heim finnst henni gott að fara í þægileg fót og dregur þá fram inniskóna. Þetta er mikil týpa.



### STOFA

Hún les tímarit fyrir ungar konur – Glamour. Það passar engan veginn við myndina á veggnum, sófann eða bækurnar í hillunum og gefur aftur til kynna að þetta sé ekki hennar staður. Hún þrjónar – alveg eins og leikkonurnar í Hollywood. Ætli þetta sé ekki bara leikkona!

### ELDHÚSBORÐ

Á korktöflunni er búð að hengja upp úrklippur úr blöðum sem tengjast leikhúsi og þá væntanlega Leikfélagi Akureyrar. Sennilega tengist konan sem þarna býr leikhúslífnu, jafnvel ein af leikurumum þar. Útsýnið út um gluggann sýnir sjó. Kannski Pollinn á Akureyri?



### ELDHÚS

Af uppvaskinu að dæma þá er greinilegt að þarna býr ein kona. Hún er örugglega ekki í neitt flókinni eldamennsku, kannski spaghetí með tómatsósu... og rauðvinsglas með!

### NIÐURSTAÐA

Það fyrsta sem mér dettur í hug þegar ég skoða myndir af þessari íbúð er að þarna búi einhver tímabundið. Mér finnst líklegt að þarna búi kona sem er í kringum þrítugsaldurinn. Ég held að kona með þennan fatasmekk sem les tískutímarit myndi velja sér öðruvísi hluti en þarna sjást. Ég er handviss um að hún býr þarna tímabundið – kannski vegna verkefnis í leikhúsinu. En maður veit svosem aldrei...



### BADHERBERGI

Badherbergið gefur einhvern veginn til kynna að þarna búi manneskjan tímabundið, þar er lítið dót. Mér finnst líka einhvern veginn íbúðin ekki alveg passa við fatastílinn.



# 明星 NIGHT SUPERSTAR



Nú getur þú fengið ATLAS kreditkort hjá öllum bönkum og sparisjóðum

HVÍTA HÚSÍÐ / SÍA



Er í boði

## ATLAS



5.000 kr. MasterCard ferðaávisun við stofnun korts. SMS með upplýsingum um stöðu og notkun kortsins. ATLAS fríðindahópur á [atlaskort.is](http://atlaskort.is). Víðtækar ferðatryggingar og neyðarþjónusta á ferðalögum erlendis. Nánari upplýsingar á [atlaskort.is](http://atlaskort.is) og í síma 550 1500.



### FERDU ALLA LEIÐ

HVÍTA HÚSÍÐ / SÍA





## SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA

# DR. GUNNI VS. SMALINN

ÞAÐ ER KOMIÐ AÐ SEINNI UNÐANÚRSLITAVIÐUREIGNINI Í SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA. Í ÞETTA SKIPTIÐ MÆTAST ÞEIR DR. GUNNI TÓNLISTARSAGNFRÆÐINGUR OG BALDUR SIGURÐSSON, SMALINN, UNGLINGALANDSLIÐSMAÐUR Í FÓTBOLTA. SIGURVEGARINN MÆTIR SÍÐAN SKARA TNT Í ÚRSLITUM.



**1. MEÐ HVADA LIÐI LÉK EMIL HALL-FRÉÐSSON LANDSLIÐSMAÐUR Í KNATT-SPYRNU Á MEÐAN HANN LÉK HÉR Á LANDI?**  
Dr. Gunn: Val.  
Smalinn: FH.



**3. HVER SKRIFADI ÆVISÓGU KK?**  
Dr. Gunn: Einar Káráson.  
Smalinn: Einar Káráson.

**SVÖR:**  
1. FH 2. Hungur 3. Einar Káráson 4. Sjötíu 5. Bryndís Jakobsdóttir 6. Elfa Björk Rúnarsdóttir 7. TF FRÚ 8. Fjölublár 9. Niels 10. Gils

**5. HVAD HEITIR EIGINKONA GUNNARS HELGASONAR LEIKARA?**  
Dr. Gunn: Björk Jakobsdóttir.  
Smalinn: Það veit ég ekki.

**6. HVAD HEITIR IDOLSTJARNAN SEM FÉKK BÓNORÐ Á ÁRSHÁTÍÐ 365?**  
Dr. Gunn: Ég mætti ekki á árhátíðina.  
Smalinn: Rauðhærða stelpan í Idolinu.



Dr. Gunn hefur tryggt sér farseðilinn í úrslitin. Hann sigraði Smalann með sex stigum gegn fimm. Hann mætir nú Skara TNT í úrslitum. Sirkus RVK þakkar Smalanum fyrir þáttökuna.

**7. HVAD HEITIR FLUGVÉL ÓMARS RAGNARSSONAR?**  
Dr. Gunn: TF FRÚ, oftast kölluð frúin.  
Smalinn: TF PASS.

**8. HVADA LITUR KEMUR ÚT ÞEGAR BLÁUM OG RAUÐUM ER BLANDAÐ SAMAN?**  
Dr. Gunn: Brúnn.  
Smalinn: Fjölublár.

**9. HVAD HEITIR APINN HENNAR LÍNU LANGSOKKS?**  
Dr. Gunn: Níels.  
Smalinn: Níels.

**10. HVAD HEITIR FAÐIR HÉDINS GILSSONAR?**  
Dr. Gunn: Gils.  
Smalinn: Gils.



BENEDIKT ERLINGSSON FLOTTUR

## LÆG IN BESKED

Talhöf þeirra Benedikts Erlingssonar og Charlotte Boving er æðislegt.

„Já. Halló, þetta er hjá Benedikt Erlingssyni og Charlotte Boving. Ég kemst ekki í símann núna og ekki heldur hún. En ég mun hlusta á þennan símsvara við fyrsta tækifæri. Læg in besked efter klartonen.“

Vá. Þessi talhólfskveðja er alveg rándýr. Það sem kemur ekki fram á prenti er að Benedikt réttir Charlotte símann og hún segir sjálf til nafns. Einnig fer hún með dönsku setninguna í kveðjunni. Þau hjónin eru alveg hrikalega vinaleg í þessari kveðju og það ætti enginn að mis-skilja eitt né neitt – hvort sem hann er danskur eða íslenskur. Svona á að gera talhöf og því ekki annað hægt en að gefa Benedikt og hans frú fullt hús stiga fyrir þessa frábæru kveðju.

★★★★★

TALHÓLF FRÆGA FÓLKINS...

## BENEDIKT ÆTTI AÐ FÁ BIKAR FYRIR TALHÓLFSKVEÐJUNA




## HEIMASÍÐA VIKUNNAR

### GULLBUXURNAR SLÁ ÖLL MET

Heimasíða vikunnar er [lesliehall.com](http://lesliehall.com). Þetta er skritin stúlka og skritin síða sem er alltaf skemmtileg blanda, bæði fyrir stráka og stelpur. Peysugalleríð hennar Leslie er náttúrulega stakasta snilld, hún sjálf er mjög kómísk og gullbuxurnar slá öll met. Sirkus veit að þetta er eitthvað sem allir geta ýmist hlegið að, dáðst að eða haft gaman af á einhvern hátt. Já, og ekki gleyma að lesa heitin á peysunum og adda henni Leslie sem vin á my space.



LESLIE HALL



GEM SWEATERS

# 14

## SIRKUSTVÍFARAR



SIGURÐUR G. TÓMASSON



JÓN ÁRSÆLL ÞÓRDARSON

Tvífarar vikunnar eru fjölmiðlamennirnir Sigurður G. Tómasson og Jón Ársæll Þórðarson. Þeir eru aðallega líkir vegna þess að þeir eru báðir sköllóttir og skeggjaddir. Sem fjölmiðlamenn eru þeir hins vegar gjörólíkir. Sigurður er besservisver sem getur röflað allan sólarhringinn með afar skemmtilegum hætti. Jón Ársæll er aftur minna í því að styggja fólk og lætur alla koma vel út í þættinum sínum og þjóðin situr sem límd við skjáinn.



# risaSMÁR

## risaSMÁR

risa•SMÁR L það sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu. Sbr. nýr Yaris.



IBENKA AUGLEIÐINGARSTANDIÐ. TOP JETDI. BIZIWA

## Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

Það er gott að vera lítið. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR er nýtt orð í orðabókinni. Það lýsir því sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu.

Yaris er ekki stór. Samt hefur hann í mörg ár verið vinsælasti bíll á Íslandi vegna þeirra eiginleika sinna að sameina í einum bíl kosti smábíls og fjölskyldubíls hvað varðar hönnun, búnað og öryggi.

Yaris er risaSMÁR.

Það er gott að vera lítið. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.

Verð frá **1.429.000** kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



# STYSTA LEIÐIN Í BANKANN

Fjárhagsleg velgengi byggist á að vita  
alltaf hver staðan er

Með Glitni í símanum þínum tryggir þú  
þér stystu leiðina í bankann.

Glitnir í símanum veitir þér aðgang að öllum  
helstu fjármálaupplýsingum sem þú þarft.  
Þar sérð þú stöðuna á reikningunum þínum,  
helstu kauphallarupplýsingar og gengi gjaldmiðla.

Og þú getur líka millifært, greitt reikninga  
eða fyllt á GSM frelsi.

Farðu á **glitnir.is** og kynntu þér hvernig þú færð  
Glitni í símann.

## NETBANKI GLITNIS Í SÍMANUM ÞÍNUM

*nánari upplýsingar á [glitnir.is](http://glitnir.is)*



UPP Á TOPP 86 M



„ÆTLI ÉG SÉ BÚIN  
AÐ FÁ ÚTBORGAD?“

SKÁLI 2 KM

GLITNIR 43 CM

**GLITNIR**



ÍSLENDINGAR HAFA MÁTT HLUSTA Á FRÉTTIR UTAN ÚR HEIMI ÞESS EFNIS AÐ ÍSLENSKT HAGKERFI SÉ Á HÁLUM ÍS. LANDSMENN VITA VART HVERNIG ÞEIR EIGA AÐ TAKA SLÍKUM FREGNUM ÞVÍ Á SAMA TÍMA KEPPAST RÁÐAMENN LANDSINS VIÐ AÐ SEGJA AÐ ÞAÐ SÉ EKKERT AÐ. Á ÞRIÐJUDAGINN FÉKK HAGKERFIÐ VOTTORÐ FRÁ MATSFYRIRTÆKINU MOODY'S SEM GEFUR ÍSLANDI HÆSTU LÁNSHÆFISEINKUNN SEM ÞÝÐIR AÐ LANDIÐ ER EKKI AÐ FARA Á HAUSINN. EN HVAÐ EF? HVAÐ GERUM VIÐ ÞÁ? SIRKUS HEFUR AÐ SJÁLFSÖGÐU SVÖRIN.

# HVERNIG Á AÐ HERÐA SULTARÓLINA? EF ÍSLAND FER Á HAUSINN


## MYLJA ÚR NÆRBUXUM

Þegar þú ætlar að skera niður í heimilisútgjöldum er fyrsta skrefið að hætta að þrifa sig. Hættu að þvo fötin þín og farðu að ráðum gangnamannanna sem þurftu að mylja úr nærbuxunum inni á aftrétti meðan á smalamennsku stóð. Alltaf komu þeir heilir heim þótt brúnt væri í brók.



## NAMMIBRÉF Í STAÐ SMOKKA

Óruggt kynlíf er afar mikilvægt. Það er nokkuð sem á síst að fóma. Hins vegar geta smokkar verið ansvíti dýrir og þá er fínt að geta gripið í nammipoka og smeltt á djásnið áður en haldið er inn í hvelvinguna.



## SKÓLATASKA ÚT Í BÚÐ

Þegar þú eignast peninga til þess að fara út í næstu lágvörverslun og kaupa þér að borða skaltu ekki kaupa poka. Þeir kosta 15 krónur stykkið og safnast þegar saman kemur. Fáðu lánaða skólatösku hjá litlu frænku þinni og notaðu hana.



## EINN TANNBURSTI Á ALLA FJÖLSKYLDUNA

Tannhirða var ekki upp á marga fiska hjá hetjum Íslendingasagnanna. Sparaðu og láttu alla í fjölskyldunni nota sama tannburstann og ekki kaupa tannkrem. Bara skola vel á milli.



## ALLSBER Í STRÆTÓ

Það þýðir ekkert að eiga bíl þegar maður er blakur. Allt of mikill peningur fer í bensín, dekk, bifreiðagjöld, tryggingar og þar fram eftir götunum. Betra er að nota strætó. Farðu allsber í vagninn því þá eru meiri líkur á að þú fái fría ferð – allavega flugferð út úr strætó.



## SITJA AF SÉR SKULDIR Í FANGELSI

Það hafa flestir fengið sekt einhvern tímann á lífsleiðinni. Hvort sem það er hraðasekt, stöðumælasekt eða sekt fyrir að fara allsber í strætó. Þessar sektir er erfitt að greiða ef maður á enga peninga. Þá er eina ráðið að fá að sitja þennan fjanda af sér í steininum. Frítt að éta og svo er þrifið af þér.




## BORÐA DJAMM-AFGANGA

Það eru margir sem detta á Hlíðla, Nonna eða á Bæjarins bestu eftir djammí. Fæstir klára það sem þeir kaupa sér og því er ráð að hafa hraðar hendur og gripa leiðfarnar áður en þeim verður hent í jörðina. Ef þú ert ekki nógu fljótur að gripa eitthvað og það dettur í jörðina – þá er það bara tíu sekúndu reglan.



## GEFA ÚT COVERPLÖTU

Það er alltaf hægt að selja coverplötu. Sama hvernig ástandið er í þjóðfélaginu.



## KÆRA HÉR & NÚ

Í kreppu þakkar maður fyrir hvern fenginn aur. Þú getur kært einhvern fyrir nauðgun en þú færð svo lítinn pening fyrir það. Kærðu frekar Hér & nú og þá erum við farin að tala um seðla.



## SÓLARLANDAFERÐ Á LÖNGU-FJÖRUR

Það er orðið þreytt að fara í Nauthólsvík til þess að komast í gulan sand. Akið frekar í snarhasti vestur á Löngufjörur á Snæfellsnesi. Þar er gulur sandir á langri strandlengju. Keyrið Hvalfjörðinn í staðinn fyrir göngin – sumir segja það ódýrara.



## LEIGJA FLETTI-REKKA-SPÓLUR

Það enda allar góðar myndir einhvern tímann í flettirekka þótt það geti tekið tíu ár. Þetta kostar bara þolinmæði og hana þarftu ekki að rífa upp úr veskinu.



## DREKKA ÚR GLÖSUM

Farðu inn á næsta skemmtistað þar sem kostar ekkert inn. Gakktu milli borða og sturtaðu í þig úr hálfótum glösum. Með seiglu ættirðu að verða ofurólvi innan skamms.



## PRÓPANÓL FYLLERÍ

Þegar það verður hætt að hleypa þér inn á skemmtistaði skaltu henda þér í næsta apótek og kaupa þér própanól. Því geturðu skolað niður með svalandi gosdrykk.



## BYRJA AÐ REYKJA

Þeir sem hætta að reykja eiga það til að spikfítna. Ef þú hins vegar reykir þarftu ekkert að borða. Kaffi og sigó er ótrúlega seðjandi.




## GEFÐU BLÓÐ

Ert þú gæðablóð? Þótt þú sért það ekki gættir þu þurft að gerast það ef þú ert blakur. Þú færð að vísu ekki borgað fyrir að gefa blóð en þú færð aftur glás af bakkelsi og öðru lostæti eftir blóttökuna.



## TIL-RAUNA-DÝR LÆKNA

Það er alltaf verið að fá fólk í einhverjar langtímatilraunir gegn gjaldi. Þá læturðu sprauta í þig einhverri óviðurkenndri óværu en færð í staðinn fría allsherjar læknis-sköðun reglulega og smá pening í þokkabót.



# SJÁLVMORÐSBUMBA DRAP 40 FÓLK

MINST 40 FÓLK DOYÐU, OG UMLEIÐ 20 VÖRÐU SÆRD Í EINARI SJÁLVMORÐSAT-SÓKN Í IRAK Í DAG.



EINGIN AMERIKANSK-UR HERMAÐUR LAT LÍV Í ATSKÓKNINI!

Minst 40 fólk doyðu, og umleið 20 vörðu særd í einari sjálmorðsátökn í Irak í dag.

Irakski innanríkisráðið sigur, at sjálmorðsbumbumaðurinn sókti at einari skrivstovu, har ungrir menn verða skrasettir sum hermenn. Minst 40 eru deyð og meiri enn 20 særd.

Atsóknin var við býin Tal Afar, sum er nærhendis stóra býnum Mosul, har það hefur verið rættiliga ófriðarligt.

Amerikanska herleiðslan í Irak sigur, at eingin amerikanskur hermaður lat lív í atsóknini.



18

FÆREYSKA FRÉTTIN



**1****ELISABET THORLACIUS**

**Gælunafn?** Ekki neitt.  
**Starf?** Módel og sé um tískusýningar. Svo stíliserá ég líka Hér og nú stúlkuna.  
**Hinn fullkomni maður?** Það er ekki til neitt sem heitir hinn fullkomni maður. En hann þarf allavega að vera myndarlegur, vel vaxinn og skemmtilegur. Þarf að hafa allan pakkann.

**2****NATASCHA BEHRENS**

**Gælunafn?** Tasha.  
**Áhugamál?** Ég hef gaman af því að skrifa, hlusta á tónlist og svo hef ég líka áhuga á viðskiptum. Mig langar að starfa sem rithöfundur eða í viðskiptum.  
**Hvað er kynsandi?** Það er kynsandi að vera opin og ófeiminn persónuleiki.

**VELDU ÞÍNA PRINSESU**

- ✓ SENDU SMS OG VELDU ÞÍNA PRAVDA PRINSESSU
- ✓ ÞÚ SENDIR SMSIÐ JA „NR“ Á SÍMANÚMERIÐ 1900.
- ✓ EF ÞÚ VILT TIL DÆMIS GEFA STELPUR NR 2 ÞITT ATKVÆÐI SENDIR ÞÚ SMS SKEYTIÐ JA 2.
- ✓ MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í VALINU GETUR ÞÚ UNNIÐ FÖTU AF SMIRNOFF ICE Á SKEMMTI-STAÐNUM PRAVDA
- ✓ 99KR SMSIÐ

**3****BRYNJA NORDFJÖRÐ**

**Gælunafn?** Vinkona mín kallar mig Mama bear.  
**Áhugamál?** Lífið sjálft.  
**Er hægt að finna ástina á djamminu?** Ástin er allsstaðar.

**4****HALLDÓRA HRUD GUDJÓNSDÓTTIR**

**Gælunafn?** Það er einkahúmor hjá vinum mínum að kalla mig Dóru DNA.  
**Áhugamál?** Tónlist, vinir og ferðalög.  
**Trúirðu á ást við fyrstu sín?** Nei. Maður fær fyrst einhvers konar áhuga og svo þróast þetta út í eitthvað meira.

# PRAVDA PRINSESSAN

PRAVDA Í SAMSTARFI VIÐ ICELAND-EXPRESS, SÓLBAÐSSTOFUNA SMART OG SMIRNOFF STENDUR FYRIR KEPNINI PRAVDA-PRINSESSAN 2006. HALDNAR VERÐA ÁTTA UNÐANKEPPNIR, EIN Í HVERJU BLAÐI OG ER ÞESSI NÚMER TVÖ. SIGURVEGARINN ÚR HVERRI KEPPNI FER SÍÐAN Í LOKAKEPPNINA ÞAR SEM FERÐ FYRIR TVÖ TIL EVRÓPU Í BOÐI ICELAND-EXPRESS ER Í AÐALVERÐLAUN. STELPURNAR ERU VALDAR Á LAUGARDAGSKVÖLDUM Á SKEMMTI-STAÐNUM PRAVDA. FJÓRAR ERU MYNDAÐAR Á HVERJU KVÖLDI OG ÞÆR KEPPA SÍÐAN Í NÆSTA TÖLUBLAÐI SIRKUSS. SÚ SEM FER ÁFRAM Í HVERT SKIPTI FÆR AÐ LAUNUM FIMM TÍMA LJÓSAKORT HJÁ SÓLBAÐSSTOFUNNI SMART AUK 10 ÞÚSUND KRÓNA INNEIGNAR Á SKEMMTI-STAÐNUM PRAVDA. KJÓSTU ÞÍNA UPPHÁLDS STÚLKU.

**ADALHEIÐUR SIGRÁÐI**

**Adalheiður** Yr þar sigur úr bítum í fyrstu undankeppninni og fær hún að launum fimm tíma ljósakort frá sólbáðsstofunni Smart auk 10 þúsund króna inneignar á skemmtistaðnum Pravda.



# NÁTTÚRULEGT LÚKK OG GLITRANDI AUGU

SIRKUS RVK FÉKK Í LIÐ MEÐ SÉR ÉG OG ÉG/EMM TIL AÐ SÝNA OKKUR HVAÐ ER MÁLIÐ Í FÖRÐUN OG MAKE UP. ÉG OG ÉG/EMM SÁU UM HÁR, FÖRÐUN OG STÍLISERINGU OG FÁUM VIÐ LESENDUR GÓDIR AÐ NJÓTA GÓÐS AF.

Þar sem að sumarið fer að nálgast óðfluga fer fólk að draga upp sumaradressin og fagna sólinni á ýmsa vegu. Það sem er heitast í sumar varðandi förðun er að vera með sem náttúrulegasta húð, leyfa henni að njóta sín sem best, leggja áherslu á að hafa augun glitrandi og varirnar í appelsínugul-

bleikum tón. Varirnar mega vera hlutlausar og þá er gott að nota gamla góða vaselínið sem ætti að vera skyldueign í öllum snyrtibuddum. Einnig er glimmershimmer nauðsynlegt og mjög flott að setja það á kinnbeinin, á augun eða varir. Tilvalið áður en farið er út á lífið.



Á GUDFINNU VAR NOTAÐUR HYLJARI OG KREMFARÐI. TIL AÐ NÁ HRÁA LÚKKINU ER GOTT AÐ NOTA EINS LÍTIÐ OG HÆGT ER.



GLITRANDI AUGU NOTAÐUR VAR BLEIKTÓNA GLOSS OG SILFURLITAÐUR AUGNBLYANTUR TIL AÐ GERA AUGUN MEIRA GLITRANDI.



## ÁBENDINGAR FYRIR ÁHUGASAMA

GÓÐAR VÖRUR AÐ MATI ÉG OG ÉG/EMM:  
STROBE KREM  
SVARTUR MJÓKUR BLYANTUR  
GLIMMERSHIMMER  
TEDDY BLYANTUR  
KREMKINNALITUR  
FIBRE RICH LASH MASKARI  
VASELÍN, VASELÍN OG AFTUR VASELÍN



Á JÓHÖNNU VÖLU VAR FYRST SETT STROBE KREM SEM GEFUR HÚÐINI FLOTTAN GLANS, SVO VAR NOTAÐ SEM MINNST AF FARÐA EN SÓLARPÚÐUR OG KREMKINNALITUR ERU ALGJÖRT MÖST Í SUMAR.



HÆGT AÐ SKYGGJA ÖRLÍTIÐ MEÐ SÓLARPÚÐRI Á AUGUN VAR NOTAÐUR SVARTUR MJÓKUR AUGNBLYANTUR ÞAR SEM ÞAÐ DEKKIR Í KRINGUM AUGUN OG DREGUR AUGUN FRAM OG GERIR ÞAU DJÚP OG SEIÐANDI. EINNIG ER GOTT AÐ NOTA SMÁVEGIS AF DÖKKBRÚNUM MÖTTUM AUGNSKUGGA OG GRÆNBRÚNGRÁ-UM SANSERUÐUM MEÐ.



# RISASTÓR

## MARKAÐUR

með geisladiska, DVD, músik og myndir

í Sigtúni 40 (gamla Blómaval)

A collage of various music and film releases, each with a yellow price tag. The items include:

- DVD: LEVITY (Kr. 899.-)
- DVD: THE BUSINESS OF STRANGERS (Kr. 899.-)
- DVD: COREA (Kr. 1.299.-)
- DVD: MOODY BLUES (Kr. 1.499.-)
- DVD: DUSTY SPRINGFIELD (Kr. 1.299.-)
- DVD: THE SPRINGER BROS GROUP (Kr. 1.299.-)
- DVD: Stevie Ray Vaughan (Kr. 1.299.-)
- DVD: Bob Marley (Kr. 1.299.-)
- DVD: THE HISTORY OF THE WORLD CUP (Kr. 999.-)
- CD+DVD: DEVILS & DUST (Kr. 1.999.-)
- CD+DVD: (Kr. 2.499.-)
- CD+DVD: (Kr. 1.299.-)
- CD+DVD: (Kr. 1.999.-)
- CD+DVD: (Kr. 999.-)
- CD+DVD: (Kr. 1.299.-)
- CD+DVD: (Kr. 1.499.-)
- CD+DVD: (Kr. 1.299.-)
- CD+DVD: (Kr. 999.-)
- CD+DVD: (Kr. 1.499.-)
- CD+DVD: (Kr. 1.199.-)
- CD+DVD: (Kr. 1.399.-)
- CD+DVD: (Kr. 499.-)
- CD+DVD: (Kr. 999.-)
- CD+DVD: (Kr. 999.-)
- CD+DVD: (Kr. 999.-)

Opið  
alla daga  
frá 12.00 - 18.00



12 Tónar



Músik




listofa.08





ARNAR RAFN ÓBINSSON, 16 ÁRA.  
ER Í SALASKÓLA OG VERLSAR Í  
GALLERÍ SAUTJÁN OG DERES.



SIGRÚN, SUNNA OG HALLDÓRA VERLSA FÖTIN SÍN Í  
VERO MODA, 17, DERES OG BOSSANOVA. SUNNA OG  
HALLDÓRA ERU Í FJÖLBRAUTASKÓLA  
SUÐURLANDS EN SIGRÚN Í FRAMHALDSSKÓLANUM Í  
VESTMANNEYJUM.

# FÓLKIÐ Á GÖTUNNI

AÐ ÞESSU SINNI FÓR SIRKUS AÐRA LEIÐ EN VANALEGA HVAÐ  
VARÐAR TÍSKUNA. VIÐ ÁKVÁÐUM AÐ FÁ Í LIÐ MEÐ OKKUR  
FÓLKIÐ Á GÖTUNNI. EINS OG FLESTIR VITA ÞÁ ER ÞAÐ UM-  
HVERFIÐ OG FÓLKIÐ Í KRINGUM OKKUR SEM GEFUR OKKUR  
INNBLÁSTUR HVAÐ VARÐAR TÍSKU SEM OG ALLT ANNAÐ.  
ÞESS VEGNA VAR ÁKVÆÐIÐ AÐ FARA Á STÚFANA OG SJÁ  
HVAÐA HUGMYNDIR FÓLKIÐ Á GÖTUNNI GETUR GEFIÐ OKKUR.



VIKTOR BRAGI, ANNA LILJA OG  
STEINUNN LILJA ERU 16 ÁRA OG Í MK.  
ÞAU VERLSA Í JACK AND JONES,  
OASIS OG VERO MODA.



ELLEN INGA, 23 ÁRA.  
VERSLUNARSTJÓRI Í  
BLEND, VERLSAR Í BLEND.





**ÁRNI ERLINGSSON 21 ÁRS, MÁLARI OG VERSLAR OFTAST Í NAKTA APANUM, GYLLTA KETTINUM OG HJÁLPRÆDISHERNUM.**



**RAKEL HERMANNSDÓTTIR, 26 ÁRA OG ÞJÓNNA Á THORVALDSEN, VERSLAR Í GYLLTA KETTINUM OG ROKKI OG RÓSUM.**



**HAFDÍS ÞORLEIFSDÓTTIR, ALDUR AFSTÆÐUR :), VERSLUNAREIGANDI OG VERSLAR Í GYLLTA KETTINUM OG LEVIS BÚÐINNI.**



**GUÐRÚN 14 ÁRA, ANNA HELENA 14 ÁRA, ANNA 20 ÁRA OG INGVI KARLA 23 ÁRA, VERSLA Í BRIM.**



**HELGI JÓHANSSON 23 ÁRA ER Í FLUGSKÓLA ÍSLANDS OG VERSLAR Í ADIDAS BÚÐINNI OG PUMA.**

**23**



# FRÆGIR ÚR SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA

SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA FER FRAM Á MORGUN Í MÝRINNI Í GARÐABÆ. FYRST MUNU ÞRÍATÍU KEPPENDUR MÆTAST KLUKKAN ÞRÚ UM DAGINN OG MUNU TÓLF ÞEIRRA KOMAST ÁFRAM Í ÚRSLITAKEPPNINA UM KVÖLDIÐ. KEPPNIN VAR FYRST HALDIN ÁRIÐ 1990 OG SÍÐAN ÞÁ HAFA MARGIR AF OKKAR HELSTU TÓNLISTARMÖNNUM TEKIÐ ÞÁTT. SIRKUS TÓK SAMAN ÞESSA HELSTU.



## SÖLUMADURINN SEM SKÁKAÐI MÓEIÐI OG PÁLI ÓSKARI

Fyrsta keppnin var haldin árið 1990 en hana sigraði Lárus Ingi Magnússon sem söng lagið Eltu mig uppi með Sálinni hans Jóns míns. Það er kannski ekki í frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að Móeíður Júníusdóttir lenti í öðru sæti í keppninni og Páll Óskar Hjálmtýsson í því þriðja. Óþarfi er að tíunda tónlistarferli Móeíðar og Páls Óskars en lítið hefur borið á tónlistarferli Lárusar Inga sem rúllaði þessum poppstjörnum upp og reykti þær.



## MARGRÉT EIR MEÐ GLUGGANN

Kraftboman Margrét Eir Hjartardóttir sigraði í keppninni annað árið sem hún var haldin en hún tók þátt fyrir Flensburg. Þá söng hún lagið Glugginn eftir Rúnar Gunnarsson heitinn. Síðan þá hefur Margrét Eir sést víða og sent frá sér þrjár breiðskífur.



## KOM I WILL SURVIVE-ÆÐINU AF STAÐ

Emiliana Torrini sigraði í keppninni árið 1994 fyrir Menntaskólan í Kópavogi. Hún söng lagið I Will Survive en það lag hefur verið tekið í hverri einustu keppni síðan þá. Það er búið að nauðga laginu gjörsamlega en Emiliana er alltaf jafn fersk enda löngu hætt að syngja I Will Survive.



## 2. SÆTI EINS OG Í EUROVISION

Regína Ósk lenti í öðru sæti fyrir hönd Menntaskólans í Hamrahlíð árið 1996. Síðan þá hefur Regína verið tiltölulega áberandi í íslensku tónlistarlífi, þó aldrei meira en undanfarna mánuði þar sem stjarna hennar hefur risið hratt eftir að hún lenti í öðru sæti í undankeppni Eurovision.



## FIMM FRÁ BROOKLYN

Árið 1998 sigraði hljómsveitin Brooklyn five Söngkeppni framhaldsskólanna. Hún var skipuð fimm drengjum úr Menntaskólanum við Hamrahlíð sem sungu lagið For the Longest Time, eða Óralanga leið eins og það hét þá. Strákarnir urðu ágætlega vinsælir í kjölfarið en hurfu þó fljótlega af sjónarsviðinu. Davíð Olgeirsson var aðalsöngvari sveitarinnar en hann tók einmitt þátt í undankeppni Eurovision með lag sitt Strengjadan.



## FROSTRÓSIN BLÓMSTRÆÐI

Guðrún Árný Karlsdóttir sigraði í keppninni árið 1999 með lagið To Love You More sem Celine Dion gerði frægt hér um árið. Síðan þá hefur Guðrún Árný sungið víða en er hvað þekktust fyrir söng sinn með íslensku divunum Áfrostrástonleikum fjögur ár í röð.



## ÞRÍR FLOTTIR Á PALLI

Sverrir Bergmann er enn þann dag í dag hvað þekktastur fyrir sigur sinn í Söngkeppni framhaldsskólanna enda flutningur hans á Bon Jovi-laginu Always hreinlega ódauðlegur. Sverrir keppti fyrir Fjölbrotarskóla Norðurlands Vestra og var það Strákurinn Auðunn Blöndal sem samdi íslenskan texta við lagið. Í sömu keppni varð Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari í öðru sæti fyrir Flensborgarskólann og trúbadorinn Helgi Valur varð í þriðja sæti með lagið Halleluja eftir Leonard Cohen fyrir Fjölbrotarskóla Suðurlands.



## ALMA Í 2. SÆTI OG EINAR BÁRÐAR Í DÓMNEFND

Alma í Nylon tók þátt í keppninni árið 2001 og hafnaði þar í 2. sæti. Þar tók hún lagið Reflection sem hún þýddi sjálf. Alma var ung og einlæg á sviðinu og heillaði alla í salnum. Þess má til gamans geta að Einar Bárðarson var í dómnefnd þetta árið – þremur árum áður en Nylon-ævintýrið hófst – og setti Ölmur í annað sætið. Arnar Þór Viðarsson sigraði í keppninni en lítið sem ekkert hefur sést til hans í tónlistargeiranum eftir það. Öðru máli gegnir um Ölmur.



## IDOLSTJARNAN OG SJARMATRÖLLIÐ

Anna Katrín Guðbrandsdóttir sigraði í keppninni árið 2003 með Visum Vatnsenda-Rósu sem hún setti í skemmtilegan búning. Seinna sló Anna Katrín rækilega í gegn í Idol stjörnuleit þar sem hún endaði í þriðja sæti fyrir neðan þá Jón Sigurðsson og Kalla Bjarna.



## MR. GREEN EYES

Sígurlaug Gísladóttir – betur þekkt sem Mr. Silla – sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2004 fyrir Menntaskólann við Hamrahlíð ásamt Sunnu Ingólfssdóttur en þær stóllur sungu lagið Green Eyes eftir Erykuh Badu. Silla tók einnig þátt árið 2001 en komst þá ekki á pall.

## ÞAU TÓKU ÞÁTT EN KOMUST EKKI Á PALL



**Magni í Á móti só!**  
Söng dúett og var með sitt hár.

**Jónsi í svörtum fötum**  
Söng og dansaði salsadans en það dugði ekki til.

**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann**  
Líkti eftir systrunum í Corrs ásamt tveimur vinkonum.

**Ágústa Eva Erlendsdóttir**  
Tapaði fyrir Guðrúnu Árnýju en vann hana svo í Eurovision – reyndar sem Sívía Nótt.

**Birgitta Haukdal**  
Söng um byrinn undir vængina.





# Mitt kort með þinni Idolstjörnu


Nú geturðu fengið Idolstjörnuna þína á Mitt kort.  
Allar myndirnar eru á [landsbanki.is](http://landsbanki.is)



Landsbankinn

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)





# BAKVIÐ BÖNDIN MEÐ PARTÍ A KAFFIBARNUM

SJÓNVARPSÞÁTTURINN BAKVIÐ BÖNDIN VAR FRUMSÝNDUR Á SJÓN-  
VARPSSTÖÐINI SIRKUS SÍÐASTLIÐIÐ MÁNUDAGSKVÖLD. ÞAÐ ERU ÞÆR  
ERNA OG ELLEN SEM ERU UMSJÓNARMENN ÞÁTTARINS. ÞÆR MUNU  
FAGNA ÞESSARI SKEMMTILEGU ÞÁTTARÖÐ Á KAFFIBARNUM UM HELGINA.

„Fyrsti þátturinn var núna á mánudaginn en þá var hljómsveitin GusGus tekin fyrir,“ segir Ellen Loftsdóttir sem er önnur af stjórnendum þáttarins Bak við böndin sem hóf göngu sína síðastliðinn mánudag á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Hinn stjórnandinn heitir Erna Bergmann og eru þær stóllur þekktar úr miðbænum fyrir hæfileika sína í skífupeytingum. Í þessum þáttum skyggjast þær inn í líf hljómsveita og kanna hvað er á bakvið böndin eins og nafnið gefur til kynna. Á morgun ætla þær að halda parti í tilefni af þáttunum. „Það verður svona Dj sullstemning á Kaffibar á laugardaginn, við verðum að þeyta skífum, það er að segja Dj Ellen og Erna og svo verður Dj B-ruff og Leibbi Jazz ætla að koma fólki til að dansa. Hairdoctor og Gísli Galdur ætla líka að þeyta

skífum, svo það verður dúndurstuð,“ segir Ellen um partið á laugardaginn. „Við erum að sjálfsgöðu að halda upp á þættina Bak við böndin og fagna þessu með vinum og þeim sem hafa komið að þáttunum. Við verðum í massa stuði og það verður góð stemning eins og alltaf þegar gott fólk kemur saman. Við erum rosalega ánægðar með hvernig þetta kemur út. GusGus á svo mikið af flottu myndefni þannig að við fengum að leita í skúffunum hjá þeim. Svo er þetta létt spjall við hljómsveitarmeðlimi þannig að við erum ótrúlega ánægðar með hvernig útkoman er. Viðbrögðin hafa verið mjög góð, þannig að þetta lofar allt góðu,“ segir Ellen, að vonum ánægð með þættina.

SEJ ERNA OG ELLEN



## VÍDEÓBLOGGSTJARNAN FUNDIN

# SVO FYNDINN AÐ HANN GÆTI VERIÐ STRÁKUR

„Við ákváðum að vera með á nótunum, ég meina þetta er orðið alveg mega thing úti og það fæðast stjórnur út af þessu,“ segir Guðmundur Arnar Guðmundsson, kynningarstjóri Sirkus. Sirkus gekk einu skrefi lengra og hóf leit að vídeóbloggstjörnu Íslands en vídeóbloggstjörur úti á það að fólk tekur upp vídeódagbók í stað þess að blogga á hefðbundinn hátt á netinu. „Það var gerð könnun fyrir svona mánuði síðan sem sýnir að 60% fólks af sirkusmarkhópsaldrinum bloggar einu sinni eða oftár í mánuði, það eru fleiri sem blogga í hverri viku en þeir sem blogga aldrei. Bloggstjarnan verður kynnt til leiks á föstudaginn og byrjar þá.



ERLENDIR BLOGGMEISTARAR

Bloggin verða á minnsirkus.is og verða sýnd þrisvar sinnum á kvöldi á sjónvarpsstöðinni Sirkus en sex sinnum yfir daginn á Sirkus PoppTV. Hann bloggar í 30 daga, eitt blogg á hverjum degi. Þessi karakter er alveg ótrúlega mikil týpa, við hefðum ekki getað fengið betri einstakling í þetta,“ segir Guðmundur, að vonum ánægður með árangurinn. „Það er erfitt að tala um þetta án þess að gefa neitt upp en hann gæti verið í Strákunum þessi gæi, hann er svo mikill gosi. Það voru um 200 manns sem sóttu um og það var ekki ætlast til að fólk ætti búnaðinn til að taka

upp eða neitt slíkt. Fólk var því að skrifa umsóknir og sannfæra okkur með tölvupósti. Ég held ég hafi aldrei fengið jafn lélega hugmynd á ævinni að láta umsóknarferlið vera með þeim hætti, held ég hafi aldrei lesið jafn mikið. Sumir voru að senda þvílíkar ritgerðir og allt frá krökkum sem vissu ekkert hvað það var að fara út í og upp í pör og hópa sem voru með mjög svo vafasamar hugmyndir um hvað væri hægt að gera með svona vídeóbloggi, eða öllu heldur hvað við værum tilbúin að gera með svona vídeóbloggi,“ segir Guðmundur og skellir upp úr.

SEJ

GUÐMUNDUR ARNAR GUÐMUNDSSON KYNNINGARSTJÓRI SIRKUS.



# X- 97.7 X-LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Wulfgang	Machinery
2.	Pearl Jam	World Wide Suicide
3.	Yeah Yeah Yeah's	Gold Lion
4.	Future Future	Code Civil
5.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Boogie Woogie Sensation
6.	System Of A Down	Lonely Day
7.	Bullet For My Valentine	All these things I Hate
8.	Ampop	Clown
9.	10 Years	Wasteland
10.	Death Cab For Cutie	Crooked Teeth
11.	Tony The Pony	Army Of The Sun
12.	Avenged Sevenfold	Beast And The Harlot
13.	Wolfmother	Dimension
14.	Benny Crespos Gang	Shine
15.	The Raconteurs	Steady As She Goes
16.	Ghostigital	Not Clean
17.	Red Hot Chili Peppers	Dana California
18.	Hoffman	60 secs Billy
19.	Jet Black Joe	Full Circle
20.	hinedown	Save Me

WULFGANG NÁLGAST TOPPSÆTIÐ.



# FM 957 ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Mary J. Blidge	One
2.	Cascada	Everytime We Touch
3.	Eminem / Nate Dogg	Shake That
4.	All American Reject	Dirty Little Secret
5.	Silvia Nótt	Til Hamingju Ísland
6.	Staind	Right Here
7.	Gwen Stefani	Crash
8.	Craig David	Unbelievable
9.	Pink	Stupid Girl
10.	Pussycat Dolls	Beep
11.	Lee Ryan	When I Think Of You
12.	Kelly Clarkson	Walk Away
13.	Click Five	Catch The Wave
14.	Mary J. Blidge	Be Without You
15.	Jack Johnson	Better Together
16.	Nickelback	Savin Me
17.	Rihanna	S.O.S.
18.	Kelly Clarkson	Gone
19.	Beverly Knight	Piece Of My Heart
20.	Neyo	So Sick

MARY J ER KOMIN Á TOPPINN.





# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS**

## SKEMMTIÐAÐIR

### FÖSTUDAGUR 7. APRÍL

#### VEGAMÓT

Hinn eini sanni Dj Hermigervill mun halda uppi brjáluðu stuði þar til dansgólfið fyllist og droparnir byrja að drípa niður af þakinu. Passið ykkur og ekki halda aftur af ykkur heldur missið ykkur í tryllum dansi.



#### CAFE OLIVER

Dj Daði mun missa sig og Jói, eða öllu heldur JBK, mun halda uppi stuðinu eins og ávallt, hann kemur alltaf á óvart svo það borgar sig að vera vel búin hvað varðar dansdressedið og rétta skapið.

#### HVERFISBARINN

Dj Frigor verður í búrinu í kvöld eins og honum er einum lagið en Dj Kiddi meistari Bigfoot er dottinn í sumargírinn og verður með alla heitustu slagarana í gangi fram undir laugardagsmorgun.



#### PRIKID

Galdurinn sjálfur mun sýna okkur hvernig á að gera þetta, það er enginn lognmolla þar sem hann kemur og því er um að gera að drulla sér á rétta staðinn með rétta fólkinu og dansa þar til yfir lýkur.



#### GRAND ROKK

Í kvöld munu hljómsveitirnar Mammút, The Telepathetics og Nortón halda uppi stuði á góðgerðatónleikum rjominn.is. Allur ágóði rennur til Barnaspítala Hringins.

#### CAFE VIKTOR

Idol-partí kvöld fyrir alla sem vilja fylgjast með hver kom, sá og sigraði þessa líka spennandi keppni. Risaskjár á Victor mættu fyrst/ur og náðu bestu sætunum. Þetta er ekki það eina sem verður varpað fram til allra sem vilja heldur er úrslitakvöld milli ungrú Húsavík og herra Reykjavík. Dj Þröstur 3000 þeytir svo skífum fram á rauða.

#### 12 TÓNAR

Hinn stórkostlegi Borkó heldur tónleika í versluninni 12 tónum að Skólavörðustíg 15. Borkó hefur komið víða við í tónlistinni og honum til halds og trausts verða valinkunnir hljóðfæraleikarar, m.a. úr stórsveitinni múm. Ekki missa af þessu.



#### SÓLON

Á Sólon í kvöld er það enginn annar en Dj Heiðar Austman sjálfur sem sér um að halda stuðinu á lofti fyrir gesti staðarins. Allir velkomnir á Sólon.

#### HRESSÓ

Trúbadorarnir Gotti og Eisi spila frá 22 til 01 en eftir að þeir eru búnir að spila nægju sína tekur Dj Maggi við sem er að sjálfsögðu maðurinn um kvöldið. Það er nú bara ekkert flóknara en það.

#### KLÚBBURINN

Í kvöld munu hinir stórgóðu trúbadorar Halli og Kalli halda uppi stuði fram á nótt. Nokkuð sem enginn vill missa af.

#### DILLON

Á föstudagskvöldið mun Dj Óli Dóri sjá um að þeyta skífum eins og honum einum er lagið svo endilega ekki missa af dúndurkvöldi þar sem fátt annað er gert en að dansa.

#### GAUKURINN

Tónleikar Rokk HI, Politica, félag stjórn málafræðinema býður til tónleikaveislu sem hefst klukkan 19.30. Idol- stjórnuleit verður sýnt á efri hæðinni og klukkan 22.30 mun Dj Steinunn, verkfræðinemi, taka við og þeyta skífum fram á nótt. Dagskrá: Helgi Valur 19.30. Pétur Ben. 20.00. Weapons 20.40. Wulfgang 21.20. ÉG 22.00. Jan Mayen 22.40. Úlpa 23.20. Jakobínarína 00.00. Dr. Spock 00.40 Jeff Who?

#### PLAYERS KÓPAVOGI

Rokkbillybandið ásamt gestum mun sjá öllum fyrir fjöri sem þeim einum er lagið að dúndra upp, stemningin mun ekki valda neinum vonbrigðum svo ekki missa af heldur bara mæta.

### LAUGARDAGUR 8. APRÍL



#### GRAND ROKK

Í kvöld mun hljómsveitin Singapore Sling spila og sýna okkur hvernig skal halda uppi dúndrandi stemningu, svo ekki láta ykkur vanta því það verður þétt setið og mikið fjör.

#### CAFE OLIVER

Það verður rafmögnað stemning á Oliver í kvöld því þar mun Dj Cosmo Vitelli frá Frakklandi spila ásamt Barða. Dj Cosmo ku vera einn af þeim allra bestu í Frakklandi svo þið skuluð búa ykkur undir svakalega stemningu sem seint tekur enda.

#### VEGAMÓT

Það klikkar ekki stuðið á Vegamótum og er alltaf gott að mæta tímanlega en í kvöld er það Dj Jói sem spilar eins og það sé enginn morgundagur.

#### SÓLON

Niðri er það Dj Rikki G sem mun þeyta skífum en uppi er það Dj Heiðar Austman, svo ekki láta ykkur vanta þar sem hinir geysivinsælu útvarpsgaukar láta ljós sitt skína.

#### HVERFISBARINN

Að þessu sinni mun enginn annar en DJ STEF trylla dansgólfið og því er um að gera að mæta í sínu finasta þússi og í sumargírnum því það verður tekið á því á dansgólfinu.

#### DILLON

Það er rokkmamman Andrea Jónsdóttir sem sér um fjörið í kvöld á Dillon og heldur áfram langt fram eftir morgni.

#### CAFE VIKTOR

DJ Þröstur 3000 hefur sig til flugs um miðnættið og verður í banastuði þangað til sólin kemur upp í vestri. Verið því í rétta gallanum og ekki klikka á skónum.

#### KLÚBBURINN

Á laugardagskvöldið er komið að hinu árlega Ístöltballi í Klúbbnum og mun hljómsveitin Smack halda uppi fjöri langt fram eftir nóttu. Allir sannir hestamenn ættu að láta sjá sig þar og lyfta glasi til heiðurs hófadyri.

#### HRESSÓ

Trúbadorarnir Gotti og Eisi spila frá 22 til 01 en eftir að allir eru orðnir heitir mun hinn eini sanni Dj Maggi þeyta skífum þar til sunnudagsmorgun sér dagsins ljós.



#### NASA

Hinir einu sönnu Papar mæta til leiks og efna til stórdansleiks á Nasa laugardaginn 8. apríl. Án efa verða þeir félagar í dúndurformi og má búast við dúndrandi stemningu í húsinu.

### LANDSBYGGÐIN

#### SJALLINN

Úrslitabátturinn í Idolinu verður sýndur á öllum skjám og því skulu þið ekki missa af þessu kvöldi. Það eru Idol tilboð í gangi á barnum og brjáluð spenna í loftinu. Byrjið á þessu og svo taka Substance strákarnir við og halda uppi dúndrandi stemningu fram undir rauðan morgun.

Á laugardagskvöldið er það norðlenska dýrið sem kynnr: Dýrið gengur laust í Sjallanum Akureyri! Fram koma hljómsveitirnar Infiniti, Hugsýki, Grass, Helgi og hljóðfæraleikarnir, Mistur og Þingtak.

#### SELFLOSS, GAGNHEIÐI 3

Lokatónleikar Love Taken away og jafnframt kveðjupartí þar sem trommuleikarinn er að flytja til Danmerkur. Morðingjarnir og ofurgrúpan Finnegan sjá um að hita upp fyrir meistarana! Ekkert aldurstakmark

#### FIMM FISKAR – STYKKISHÓLMI

Jamie's Star og Ritz halda tónleika á veitingastaðnum Fimm fiskar í Stykkishólmi. Endilega kynnið ykkur nýtt efni og nýja staði.)

#### YELLO KEFLAVÍK

Það er enginn annar en DJ Atli skemmtana-lögga sem mun skemmta öllum þeim sem vilja dansa, hlæja og hitta skemmtilegt fólk. Ekki missa af dúndur stemningu með dúndur fólki um helgina á Yello.



# Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

## LISTASÝNINGAR



### 101 GALLERY

Hulda Hákon EBITA sýnir til 15. apríl.

### ARTÓTEK GRÓFARHÚSI

Steinn Helgadóttir myndlistamaður sýnir ljósmyndir og DVD.

### GALLERÍ FOLD

Lilja Kristjánsdóttir sýnir málverk í Baksalnum til 9. apríl.

### GALLERÍ GYLLINÆÐ

2.árs myndlistarnemar LHÍ eru með sýninguna „mini me“ til 9. apríl.

### GALLERÍ HUMAR EDA FRÆGD

Við krefjumst fortíðar! Sýning á vegum Leikminjasafns Íslands um götuleikhópinn Svart og sykurlaust.

### GALLERÍ SÆVARIS KARLS

Pétur Halldórsson sýnir til 19. apríl.



### GERÐUBERG

Tískuhönnun Steinunnar Sigurðardóttur, myndbönd frá tískusýningum, ljósmyndir og fleira til 30. apríl.

### IS

Tumi Magnússon sýnir ljósmyndir og myndbandsverk út apríl.

### LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR

Fastasýning. Í safninu eru seldar gifsafsteypur af frumverkum listamannsins. Einnig eru til sölu bækur um listamanninn, kort af verkum hans ásamt veggspjöldum af tveim málverka hans.

### LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

Spencer Tunick – Bersvæði, Halla Gunnarsdóttir – Svefnfarar



### HALLGRÍMSKIRKJA

Sýning á olíumálverkum Sigrúnar Eldjárn og mun hún standa yfir til 30. apríl.



### LISTASAFN ÍSLANDS

Gunnlaugur Blöndal – Lífsnaun og ljóðræn ásýnd og Snorri Arinbjarnar – Máttur litarins og spegill tímans.

### LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

Sýningin Náttúra er samsýning 11 listamanna þar sem viðfangsefnið er náttúra Íslands.

### LISTHÚS ÓFEIGS

Dominique Ambroise – Sjónhorn.

### RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR

Sautján félagar í Fókus, félagi áhugaljósmýndara, sýna á ljósmyndasýningunni Fegurð í Fókus í Tjarnarsalnum, stendur til 9. apríl.

### REYKJAVÍKURBORG

Stella Sigurgeirsdóttir sýnir 20 minningarstólpa til 28. ágúst.

### SAFN

Kristján Steingrímur Jónsson sýnir nýleg verk sín á grunnhæðinni. Sýning bandarísku listakonunnar Roni Horn heldur áfram.

### SKAFTFELL

Sýning á vegum Listaháskóla Íslands og Dieter Roth Akademíunnar stendur nú yfir í Menningarmiðstöðinni til 29. apríl.

### ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Sýningin Huldukonur í íslenski myndlist.

## LEIKHÚS

### FÖSTUDAGURINN 7. APRÍL

#### ÁTTA KONUR

Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“, þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis verður hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kemur sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir. Átta villtar konur og einn látbragðsleikari fara hamförum á Stóra sviðinu.

#### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum upptákum. Sýningin hefst klukkan fimm.

#### PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur, sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafli og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir.

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA

### FÓTBOLTI, KÖRFUBOLTI OG IDOLÍÐ

„Ég ætla að byrja á því að horfa á Idolíð,“ segir Breki Logason, ritstjóri Hér & nú. „Það er Idolpartí heima hjá mér með vinum mínum á föstudaginn og svo kíkjum við eitt-hvað út eftir það. Á sunnudaginn ætla ég að horfa á leikinn, ég ætla að horfa á Manchester rústa Arsenal. Á laugardaginn ætla ég að horfa á Njarðvík keppa í úrslitum Iceland Express-deildarinnar. Njarðvík er náttúrlega besta körfuboltaíð í heimi. Síðan um kvöldið eftir vel heppaðan leik ætla ég að fara í partí til Siggú vinkonu minnar, ef eldhúsinnréttingin verður tilbúin og þvottavélin komin,“ segir ritstjórinn sem er með þetta dagskrá þessa helgina.



### SKÓLINN OG FLUGFREYJU-NÁMSKEIÐ

„Ég er á flugfreyjunámskeiði bara alla helgina,“ segir Kolbrún María Ingadóttir, nemi og fegurðardrottning. „Ekki beint spennandi helgi framundan hjá mér, en ég er búin að vera í tvær vikur og það er bara vika eftir. Aðalprófið er á mánudaginn,“ segir Kolbrún sem var að vinna hjá Icelandic Express síðasta sumar. „Ég var að koma frá Kaupmannahöfn þar sem við vorum í flughermi að æfa okkur á fullu. Svo þegar ég hef tíma þarf ég að læra fyrir skólann. Ég er í spænsku í háskólanum og það er voða gaman,“ segir Kolbrún María, sem er að drukkna í lestri og verður því ekkert úti á lífinu þessa helgina.



### STJÓRNSÝSLURÉTTAR-PRÓF OG MATUR

„Það er ekkert spennandi að gerast hjá mér um helgina,“ segir Fanneý Frímannsdóttir, nemi og keppandi í Fegurðarsamkeppni Íslands. „Ég er að læra alla helgina af því að það er stórt próf á mánudaginn. Það er próf í stjórnsýslurétti en ég er í lögfræði í Háskólanum í Reykjavík og það er algjör próftíð núna hjá mér. En kannski ég eldi eitt-hvað gott með kærastanum á laugardaginn og ég held að fyrir valinu verði indverskur kjúklingaréttur sem mig langar svo að prófa,“ segir Fanneý.





## LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur roksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.



## BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

## FORDIST OKKUR

Leikrit byggt á myndasögum Hugleiks Dagssonar í samvinnu við leikhópinn Common Nonsense. Hugmyndaheimur verksins er sprottinn upp úr verkum Hugleiks myndasögubókunum Elskið okkur, Drepið okkur og Ríðið okkur. Sögur Hugleiks er skemmtilegar, kaldhæðnar, grófar, ljótar, fallegar, ósmekklegar, gróteskar og rómantískar. Það rúmast allt í þessum heimi.

## LAUGARDAGURINN 8. APRÍL

### ÁTTA KONUR

Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“, þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis verður hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kemur sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir. Átta villtar konur og einn látbragðsleikari fara hamförum á Stóra sviðinu.

### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin hefst klukkan fimm.

### PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur, sýnt í Kassarum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir

## LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur roksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.



## RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren er í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa sögunni og persónunum að flytja sig á braut ævintýrana.

## ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikurinn Alveg BRILLJANT skilnaður gerist í næsta nágrenni við okkur öll á þessum síðustu og verstu tímum. Leikurinn er á gamansömum nótum, enda þótt honum megi á köflum lýsa sem harmskoplegum, og greinir frá ofur hvunn dagslegri miðaldra höfuðborgarmær, Astu að nafni, sem býr í Grafarvoginum. Sýningin er í Borgarleikhúsinu á Litla sviði.



## FORDIST OKKUR

Leikrit byggt á myndasögum Hugleiks Dagssonar, í samvinnu við leikhópinn Common Nonsense. Hugmyndaheimur verksins er sprottinn upp úr verkum Hugleiks myndasögubókunum Elskið okkur, Drepið okkur og Ríðið okkur. Sögur Hugleiks er skemmtilegar, kaldhæðnar, grófar, ljótar, fallegar, ósmekklegar, gróteskar og rómantískar. Það rúmast allt í þessum heimi.

## SUNNUDAGURINN 2 APRÍL

### ÁTTA KONUR

Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“, þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis verður hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kemur sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir. Átta villtar konur og einn látbragðsleikari fara hamförum á Stóra sviðinu.

### PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur, sýnt í Kassarum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur

Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir

## LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur roksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

## RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren er í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa sögunni og persónunum að flytja sig á braut ævintýrana.

## FORDIST OKKUR

Leikrit byggt á myndasögum Hugleiks Dagssonar í samvinnu við leikhópinn Common Nonsense. Hugmyndaheimur verksins er sprottinn upp úr verkum Hugleiks myndasögubókunum Elskið okkur, Drepið okkur og Ríðið okkur. Sögur Hugleiks er skemmtilegar, kaldhæðnar, grófar, ljótar, fallegar, ósmekklegar, gróteskar og rómantískar. Það rúmast allt í þessum heimi.

## FIMMTUDAGURINN 6 APRÍL

### ÁTTA KONUR

Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“, þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis verður hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kemur sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir. Átta villtar konur og einn látbragðsleikari fara hamförum á Stóra sviðinu.

### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin hefst klukkan fimm.

### PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur sýnt í Kassarum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir

## LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur roksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

## BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

## FORDIST OKKUR

Leikrit byggt á myndasögum Hugleiks Dagssonar í samvinnu við leikhópinn Common Nonsense. Hugmyndaheimur verksins er sprottinn upp úr verkum Hugleiks myndasögubókunum Elskið okkur, Drepið okkur og Ríðið okkur. Sögur Hugleiks er skemmtilegar, kaldhæðnar, grófar, ljótar, fallegar, ósmekklegar, gróteskar og rómantískar. Það rúmast allt í þessum heimi.






**-25%** enn meiri  
**afsláttur**  
af heilsársdekkjum

**-25%**  
**afsláttur**  
af vinnu við smur

**Ótrúleg  
tilboð**

kíktu við og gerðu góð kaup  
**á jeppadekkjum**

 Vaxtalausar léttgreiðslur!

**BÍLKÓ** - **Betri verð!**  
*bilko.is*

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

Bíll frá kr. **1.950** á dag\*



\*Verð er án kílómetragjalds.

**HASSO**

**Car-rental** Tel:

**555 333 0**

Hasso - Ísland, Smiðjuvegur 6, rauð gata sími 555 333 0



# LISTAFÓLK HEIMA, AÐ HEIMAN

HLUTI AF HÓPNUM  
SEM TEKUR ÞÁTT Í  
SÝNINGUNNI

NÆSTKOMANDI MIÐVIKUDAG,  
ÞANN 12. APRÍL, MUN OPNA SÝN-  
ING Í GALLERÍ GYLLINHÆÐ, SEM  
BER YFIRSKRIFTINA HEIMA, AÐ  
HEIMAN. ÞAÐ ERU UM 20 LISTA-  
MENN SEM SÝNA OG VINNA ÞAU  
ÚT FRÁ ÞEMANU HEIMA, AÐ HEIM-  
AN. HUGMYNDIN AÐ NAFNINU  
KEMUR VEGNA ÞESS HVE HÓPUR-  
INN ER FJÖLBREYTTUR.

„Þemað í sýningunni er heima, að heiman og það var valið fyrst og fremst af því að þetta er breiður hópur listamanna og alþjóðlegur, skiptinemar og svoleiðis,“ segir Sissa sæta, listfræðinemi við Háskóla Íslands. Sýningin er lokaverkefni námskeiðs sem ber heitið Sýningargerð og sýningastjórn. Sýningastjórnir eru bæði myndlistanemar og listfræðinemar og munu auðvitað nálgast sýningarrýmið og verkin á þeim forsendum. „Þælingin bak við nafnið er að upplifa sig heima eða að heiman vegna þess að hópurinn er mjög ólíkur og líka vegna þess að sumir eru á fyrsta ári en aðrir að útskrifast. Það er mikil vídd í þessu því það er verið að vinna með alla miðla, ekki endilega bara málverk og nálgunin er því einnig mjög ólík,“ segir Sissa um hópinn. „Þetta er pínulítið rými, tuttugu manns með verk og tuttugu listamanns egó á staðnum og það er mjög spennandi faktor út af fyrir sig. Það verður því mjög forvitnilegt að sjá hvernig útkoman verður úr því,“ segir Sissa sæta sem er spennt fyrir sýningunni. Að sjálfsögðu eru allir velkomnir á opnunina sem verður eins og fyrr var greint frá næstkomandi miðvikudag, þann 12. apríl kl:17.

SEJ



## SPURT OG SVARAÐ MEÐ STÓRA G

Sælur! Það er alltaf verið að biðja mig að hafa spurt og svarað með Stóra G oftar. Ef ég ætti að svara öllum spurningunum sem ég fæ þá þyrfti það að vera daglega! En þar sem ég er með vikulegan pistil í Sirkus þá verð ég að velja út spurningar. En endilega verðið dugleg að halda áfram að senda mér spurningar, ég reyni að sjálfsögðu að hjálpa ykkur.

**Sp:** Sæll Big G. Eða á ég kannski að kalla þig Stóra G núna?

Ég var að spá í einu G. Það eru að koma páskar náttúrulega og ég var að spá í að vera geðveikt rómantískur við frúna. Er ekki geðveikt rómó að gefa frúnni svona stórt og flott páskaegg þegar hún vaknar á páskadag?

**Kv, Einn Rómó súkkó gæji**

**Sv:** Blessaður Rómó súkkó gæji. Nei það er ekki rómantískt og það er mjög ófrumlegt. Það skiptir öllu máli að vera frumlegur. Það sem þú gerir er þetta. Þú ferð niður í Nóa&Siríus og sparkar upp hurðinni þar. Gengur að gæjunum sem búa til páskaegginn, gírdur niður um þig og segir: „Afsteypaðu á mér jónssoninn og búðu til súkkulaði jónsson.“ Síðan læturðu lagergóminn búa til fyrir þig súkkulaði jónsson með slaufunni, hænunni á toppnum og öllu því kjaftæði. Síðan afhendirðu prinsessunni þetta þegar þú vaknar. Þá ertu kominn með a homerun!

**Sp:** Blessaður Stóri G.

Heyrðu ég er með smá kapital vandamál dreng. Ég er búinn að vera grimmur að taka hnébeygjuna undanfarið en það á það til að koma rautt í nærbuxurnar mínar dreng. Og þegar ég hægi á mér, þá kemur yfirleitt rautt líka..... Er þetta algengt vandamál?

**Kv, Bremsufar**

**Sv:** Þú ert gyllinæðaður djing.

**Sp:** Sæll Stóri G.

Ég held ég sé eitthvað afbrigðilegur G. Ég kreisti kjúklinginn 7 sinnum síðasta sunnudag. Er það ekki of mikið eða?

**Kv, Einn kinky**

**Sv:** Blessaður Kinky.

Nei þú ert ekki afbrigðilegur. Félagi minn kippti í 18 sinnum um daginn og fór létt með það. 7 sinnum er bara fullkomlega eðlilegt dreng. Þegar þú ert kominn í +18 skipti þá skaltu hafa áhyggjur.

**Sp:** Blezzzar kjellinn! Heyrðu meistari, ég er á fullu að worka í taninu og hamra járnin skiluru. Mér var bent á að ég gæti verið séð&heyrtr strákurinn! Er það ekki alveg málið? Ég hlýt að fá slatta af kjellingum við það maður!

**Kv, Einn tanaður**

**Sv:** Blessaður Tanaður. Það er opið í Papco til 18 í dag. Einar og Hjálmar á lagernum verða farnir svona 18:15 þannig ekki koma seinna en það. Ég er búinn að láta vita af þér og Einar ætlaði að hringja í Bæring sem var á bakvakt og hann mætir líka. Þeir, kassastelpurnar og símadaman munu öll skiptast á að skeina þér. Ef það er ekki nóg þá koma félagar Hjálmars líka. Slökkviliðið verður líka á standby því að það getur verið að það þurfi að spúla á þér rassgatið.

Þú getur tekið titlinginn af þér og lagt hann á hilluna ef þú verður Séð&Heyrtr strákurinn dreng.

**Sp:** Blessaður Gillz. Afhverju talarðu aldrei um íslenska körfuboltann? Þú ert búinn að tala um handboltann og fótoltann, reyndu að vera sanngjarn.

**Kv, Einn pír pír**

**Sv:** Af hverju heldur þú ekki bara kjafti!?

**Sp:** Sæll Gills. Hvaða rugl var þetta í þér í Kastljósinu um

daginn? Þú alhæfir þar að Lesbók Morgunblaðsins væri einungis rusl sem enginn skoðaði. Er ekki í lagi með þig drengur?

**Kv, Hávar**

**Sv:** Hey Woody. Þú gerir þér alveg grein fyrir því að það les þetta ENGINN! Ekki einu sinni snappaheads eins og Eyvindur Karlsson les þetta! Láttu korktappa í þig Allen.

**Sp:** Hey G. Ég heyrði að Cell Tech væri bara eins og þú myndir blanda venjulegu kreatíni í djús. Ekkert öðruvísi en það! Afhverju á ég þá að eyða pening í Cell Tech ef ég get eytt minni pening í sama dó?

**Kv, Einn sparsamur**

**Sv:** Sæll Nirfill. Ég sagði þetta sjálfur áður en ég prófaði það, síðan þyngdist ég um 6 kíló! Drullaðu þér niður í Fitness Sport og prófaðu það bara! Talaðu síðan við mig.

Þó svo að spurningunni þinni hafi ekki verið svarað í dag ekki gefast upp. Endilega haldið áfram að senda mér spurningar. Ég reyni að sjálfsögðu að svara öllum.

Þangað til næst,

Sææææææææææælar!  
**Kv, Gillz**



31





*nikita*

NIKITACLOTHING.COM

LA AA HAAR

SUMAR 2006  
KAMIF I BUDIR

 retro  
*BPLD*